



DALVÍKURBYGGÐ

2015

Starfsáætlun fræðslu- og menningar sviðs drög

VIRÐING – JÁKVÆÐNI -METNAÐUR



VIRÐING

JÁKVÆÐNI

METNAÐUR

Ábyrgðarmenn: Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs og stjórnendur hverju sinni

Ritstjóri: Helga Björt Möller

Myndir: Ýmsir aðilar innan stofnananna

Afgreitt í sveitarstjórn 25. nóvember 2014

Efnisyfirlit

Starfsáætlun Fræðslu- og menningarsviðs 2014

Efnisyfirlit.....	1
Skipurit fræðslu- og menningarsviðs.....	5
Skrifstofa fræðslu- og menningarmála.....	6
<i>Hlutverk</i>	6
<i>Helstu verkefni 2015</i>	7
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	10
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	13
Dalvíkurskóli.....	14
<i>Leiðarljós</i>	14
<i>Hlutverk</i>	14
<i>Helstu verkefni 2015</i>	14
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	16
<i>Innra starf</i>	17
<i>Upplýsingaflæði</i>	18
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	19
<i>Lykiltölur</i>	20
Dalvíkurskóli – Frístund	21
<i>Leiðarljós</i>	21
<i>Hlutverk</i>	21
<i>Helstu verkefni 2015</i>	21
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	21
<i>Upplýsingaflæði</i>	22
<i>Innra starf</i>	22
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	22
<i>Lykiltölur</i>	22
Krílakot og Kátakot	23
<i>Leiðarljós</i>	23
<i>Hlutverk</i>	23
<i>Helstu verkefni 2015</i>	23
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	27
<i>Innra starf</i>	30

<i>Upplýsingaflæði</i>	31
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	32
<i>Lykiltölur</i>	33
Árskógarskóli	34
<i>Leiðarljós</i>	34
<i>Hlutverk</i>	34
<i>Helstu verkefni 2015</i>	34
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	35
<i>Innra starf</i>	35
<i>Upplýsingaflæði</i>	36
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	37
<i>Lykiltölur</i>	38
Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar	39
<i>Leiðarljós</i>	39
<i>Hlutverk</i>	39
<i>Helstu verkefni 2015</i>	39
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	40
<i>Innra starf</i>	41
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	42
<i>Lykiltölur</i>	42
Byggðasafnið Hvoll	43
<i>Leiðarljós</i>	43
<i>Hlutverk</i>	43
<i>Helstu verkefni 2015</i>	43
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	44
<i>Innra starf</i>	45
<i>Upplýsingaflæði</i>	46
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	46
<i>Lykiltölur</i>	47
Bókasafn Dalvíkurbyggðar	48
<i>Leiðarljós</i>	48
<i>Hlutverk</i>	48
<i>Helstu verkefni 2015</i>	48
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	49

<i>Innra starf</i>	50
<i>Upplýsingaflæði</i>	51
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	51
<i>Lykiltölur</i>	52
Héraðsskjalasafn	53
<i>Leiðarljós</i>	53
<i>Hlutverk</i>	53
<i>Helstu verkefni 2015</i>	53
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	54
<i>Innra starf</i>	55
<i>Upplýsingaflæði</i>	56
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	56
<i>Lykiltölur</i>	56
Víkurröst – frístundahús	57
Barna og unglingastarf - félagsmiðstöð.....	57
<i>Leiðarljós</i>	57
<i>Hlutverk Barna- og unglingastarf</i>	57
<i>Helstu verkefni 2015</i>	58
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	58
<i>Innra starf</i>	59
<i>Upplýsingaflæði</i>	60
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	60
<i>Lykiltölur</i>	61
Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar	62
<i>Leiðarljós</i>	62
<i>Hlutverk</i>	62
<i>Helstu verkefni 2015</i>	62
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	63
<i>Innra starf</i>	64
<i>Upplýsingaflæði</i>	64
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni</i>	65
Tjaldstæði Dalvíkur.....	66
<i>Hlutverk</i>	66
<i>Helstu verkefni 2015</i>	66


<i>Yfirlit yfir 2014</i>	66
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	66
Árskógur-félagsheimili	67
<i>Hlutverk</i>	67
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	67
Vinnuskóli.....	68
<i>Hlutverk</i>	68
<i>Helstu verkefni 2015</i>	68
<i>Yfirlit yfir 2014</i>	69
<i>Innra starf</i>	69
<i>Upplýsingaflæði</i>	70
<i>Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni</i>	70
Gildi fræðslu- og menningarsviðs	71
<i>Virðing</i>	71
<i>Jákvæðni</i>	71
<i>Metnaður</i>	71

Skipurit fræðslu- og menningarviðs

Skipurit Dalvíkurbyggðar



Fræðslu- og menningarvið



Skrifstofa fræðslu- og menningarmála

Leiðarljós

Metnaður – Jákvæðni - Virðing

Að Dalvíkurbyggð sé öflugt lærdómssamfélag þar sem allir hafa tækifæri til aukins þroska og menntunar auk þess sem fordómar þrífast þar illa. Að menningarlíf sé blómlegt og byggji á þeim grunni og mannauði sem íbúar sveitarfélagsins mynda. Ungir sem aldnir hafi tækifæri til þátttöku og grasrótastarf sé öflugt. Að lýðheilsa sé í forgrunni í öllum ákvörðunum og metnaður sveitarfélagsins fyrir uppbyggandi frístundum og fagstarfi sé mikill.



Hlutverk

Hlutverk skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er margþætt en skrifstofan fer með málefni fræðslu-, menningar- og íþróttu- og æskulýðsmála sem og tjaldsvæðis. Fagráðin sem starfa með skrifstofunni eru fræðsluráð, menningarráð og íþróttu- og æskulýðsráð sem og byggðaráð þegar við á. Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sem situr m.a. í framkvæmdastjórn, stjórnarsýslunefnd og tölvunefnd sveitarfélagsins. Aðrir starfsmenn skrifstofunnar eru íþróttu- og æskulýðsfulltrúi og kennsluráðgjafi.

Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs, menningarráðs og íþróttu- og æskulýðsráðs í framkvæmd. Skrifstofan hefur frumkvæði að stefnumótun þegar við á og tekur þátt í stefnumótunarvinnu með stofnunum sviðsins. Hún stuðlar að því, með þeim björgum sem hún hefur yfir að ráða, að hver stofnun verði framúrskarandi á sínu sviði. Skrifstofan veitir stjórnendum, starfsmönnum og þegar við á íþróttafélögum stuðning við margvísleg verkefni s.s. starfsmannamál, fjármál og styrkumsóknir. Hún veitir nemendum og foreldrum/-forráðamönnum ráðgjöf þegar eftir því er óskað. Skrifstofan hefur einnig eftirlitshlutverki að gegna og sinnir eftirliti og ytra mati. Hlutverk hennar er m.a. að stuðla að því að börn í sveitarfélaginu fái góða þjónustu hvort sem snýr að kennslu eða frístundum sem og að allir íbúar og gestir hafi fjölbreytt tækifæri til

frístundaiðkunar. Skrifstofan stuðlar af því að blómlegt menningarlíf sé í boði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og að grasrótarstarfsemi dafni. Skrifstofan gerir fjölda samninga árlega bæði við verktaka, samstarfsaðila og styrkþega. Skrifstofan skal fylgja eftir að fjármunum sviðsins sé varið á skilvirkan hátt og með þeim sé stuðlað að framþróun og háu þjónustustigi. Starfsfólk skrifstofunnar er í miklum samskiptum við fjölda aðila og leggur sig fram um að veita góða þjónustu í starfi sínu.



Helstu verkefni 2015

Sameiginleg verkefni

Með sameiginlegum verkefnum er átt við verkefni sem unnin eru þvert á málaflokka sviðsins eða í samvinnu við önnur svið veturinn 2014-2015.

- Innleiðing á mannauðsstefnu.
- Innleiðing á verkefninu *Heilsuelflandi Dalvíkurbyggð*.
- Unnið verður að og sótt um jafnlaunavottun.
- Sviðsstjóri og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi stefna á að sækja námskeið um þjónandi forystu.
- Sérstök áhersla á að stuðla að umhverfi þar sem starfsmenn eru hvattir til að miðla þekkingu sinni og rýna til gagns.
- Áframhaldandi innleiðing á alhliða stjórnendamati.
- Sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.
- Leitað verður leiða til frekara samtals við íbúa sveitarfélagsins um stærri málefni.
- Stuðlað verður að viðburðum til að vekja athygli á og fagna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.
- Farið verði yfir ímynd og kynningarmál sviðsins sem hluta af verkefninu ímynd Dalvíkurbyggðar og þátttaka í vinnuhópi þar um.
- Farið verður yfir öryggi upplýsingakerfa, rafrænna gagna og fræðsla á því sviði skoðuð.
- Koma þarf stuðningi sveitarfélagsins við hreyfinga starfsmanna í fastan farveg, sbr. niðurstöður heilsufarskönnunar.

- Fulltrúar skrifstofunnar munu sækja sameiginlega ráðstefnu skólastiganna um skólamál sem Símei stendur að.
- Sviðsstjóri er með í skoðun að óska leyfis að hluta og fjarvinnu að hluta seinnihluta árs 2015 vegna starfsnáms erlendis.

Verkefni fræðslumála

Með sérstökum verkefnum fræðslumála er átt við verkefni sem eru ekki venjubundin heldur sérstök áhersluverkefni í skólamálum veturinn 2014-2015.

- Stuðningur við gerð og mótun styttri útgáfu af bæði foreldrahandbók grunnskóla og leikskóla.
- Kennsluráðgjafi fer á námskeið í Logos lestrargreiningartækinu að hausti 2014.
- Stefnt að því að halda námskeið í Uppbyggingarstefnunni í ágúst 2015 fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla, auk fulltrúa af íþrótt og æskulýðssviði. Sótt verður um styrk vegna þessa til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.
- Lokið verður við gerð nýrrar skólustefnu Dalvíkurbyggðar, stefnu fyrir leikgrunn- og tónlistarskóla. Innleiðing stefnunnar hefst.
- Eftirfylgni við að aðlögun á milli leik- og grunnskóla komist í fastari skorður.
- Eftirfylgni vegna úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Dalvíkurskóla.
- Samningurinn við Veisluþjónustuna rennur út vorið 2015 og þarf því að skoða framhaldið.
- Framkvæmt verður ytra mat samkvæmt áætlun þar um og uppsetning skýrslu endurskoðuð.
- Samningur um skólaakstur er til vors 2015 og því þarf strax í upphafi árs að skoða næstu skref.
- Þróun foreldra- og starfsmannakannanna. Unnið að því að hafa þær sem minnst rekjanlegar með von um betri svörun í minni skólunum.
- Sérstök áhersla á námsárangur og skoðaðar þær leiðir sem má fara í þá átt.
- Aukið samstarf við Tónlistarskóla Fjallabyggðar.
- Áhættumati sem á að liggja fyrir allar stofnanir fylgt eftir.
- Stuðningur og eftirfylgni vegna sameiningar Káta- og Krílakots og viðbyggingar við Krílakot sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin haustið 2016.
- Áframhaldandi þróun og styrking á ytra mati skólanna.
- Áframhaldandi þróun skólaathuganna í grunnskóla, heimsókna í kennslustundir og kennsluráðgjöf þeim tengdum. Skólaathuganir í grunnskólahluta Árskógarskóla munu fara fram.
- Leitað verður leiða til að ráða talmeinafræðing í fast stöðuhlutfall hjá sveitarfélaginu og fjölga komum sálfræðings í sveitarfélagið.
- Til athugunar er að skoða frekar og fá til Dalvíkur námskeið í lestraraðferðinni PALS.



Verkefni menningarmála

Með sérstökum verkefnum menningarmála er átt við verkefni sem eru ekki venjubundin heldur sérstök áhersluverkefni í menningarmálum veturinn 2014-15.

- Endurskoðun á samningi við Náttúrusetrið á Húsabakka um húsnæði en hann rennur út í lok árs 2015.
- Eftirfylgni vegna samnings um Bakkabræðrasetur.
- Gerð samnings við leikfélag Dalvíkur en núverandi samningur rennur út í lok árs 2014.
- Endurnýja þarf skautbúning fjallkonunnar að mestu.
- Fara þarf yfir fyrirkomulag vegna áramótabrenna með umhverfis- og tæknisviði.
- Hátíðardagskrá á 17. júní verði endurskoðuð.

Verkefni íþróttá- og æskulýðsmála

- Skoðað verði samstarf um að Vikurröst verði rekið sem alhliða frístundahús.
- Vinnuhandbók í sundlaug uppfærð.
- Velferðarsjóður barna verður kynntur betur, bæði hvað varðar styrkveitingar en einnig sá möguleiki að einstaklingar og fyrirtæki komi með framlög inn í sjóðinn.
- Samningar við íþróttafélögin renna út í lok árs 2015. Fyrir fjárhagsáætlanagerð 2016 þurfa því að liggja fyrir nýjir samningar og verða þeir unnir á vormánuðum.
- Lokahnykkur á innleiðingu á frístundakerfinu. M.a. verði fest í sessi hvaða skýrslur kerfið býður upp á og þær lagðar reglulega fyrir íþróttá- og æskulýðsráð. Meta þarf út frá reynslu hversu há hvatagreiðsla getur orðið á einstakling.
- Skoðaðir verði kostir þess að bjóða líkamsræktina í íþróttamiðstöðinni út. Ef það verður ekki ofan á verður gert átak í að fjölga reglulegum viðskiptavinum.
- Fundum Ungmennaráðs verði komið í fastar skorður og átak gert í því að kynna fyrir öðrum fagnefndum hlutverk Ungmennaráðsins og málum verði vísað til umsagnar þess.

- Framkvæmdir í sundlaug verða settar á verkáætlun næstu ára. Haustið 2014 verður klárað að teikna og hanna svæðið svo hægt verði að byrja á framkvæmdum strax eftir páska 2015. Gera þarf ráðstafanir vegna lokunar yfir framkvæmdartímann.
- Bæklingur um sumarstarf verði endurbættur, liggi fyrir í byrjun maí og verði þýddur á ensku og pólsku.
- Starfsemi Sundskálans verði kominn í rekstur eins og samþykkt hefur verið.
- Meta þarf starfsemi vinnuskóla sumarsins eftir færslu á milli sviða og efla starfsemina eftir reynslu fyrsta sumarsins. Koma þarf skiptingu á kostnaði vinnuskóla í fastar skorður, bæði hvað varðar viðhald og kaup á búnaði, sem og greiðslu fyrir vinnu fyrir aðrar stofnanir Dalvíkurbyggðar.
- Viðhaldsmálum fasteigna verði komið í skipulegra form í samstarfi við umhverfis- og tæknisvið.
- Gera þarf gildi sviðsins sýnilegri í stofnunum. Starfsmannafatnaður íþróttamiðstöðvar verði merktur með gildum sviðsins.
- Uppbygging á Íþróttasvæði UMFS verði komið á verkáætlun svo framkvæmdir geti hafist.
- Meta þarf hvernig hentar að vera með lotukennslu í sundlauginni í Árskógi. Kostnaðargreina þarf reksturinn og viðhald/uppbyggingu á svæðinu.
- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mun sitja í svæðisstjórn skíðasvæðis samkvæmt samningi við skíðafélagið. Meta þarf stöðuna strax að vori 2015.
- Skoðað verður að bjóða út yfir sumartímenn rekstur félagsheimilisins í Árskógi, tjaldsvæðis og sundlaugar.

Yfirlit yfir 2014

Sameiginleg verkefni

- Þátttaka í endurskoðun nýrrar mannauðsstefnu.
- Þátttaka í mótun verkefnisins *Heilsueflandi samfélag*.
- Í nóvember 2013 stóð fræðsluskrifstofan í samvinnu við önnur svið sveitarfélagsins fyrir íbúabingi, *Allir í sama liði*. Starfshópur undirbjó og skipulagði þingið en um 50 íbúar sveitarfélagsins tóku þátt í því. Þingið var haldið í Menningarhúsinu Bergi seinnipart dags og boðið var upp á kvöldverð fyrir þátttakendur. Þróunarsjóður innflytjendamála styrkti þingið.
- Talsverð breyting varð (70%) á kjörnum fulltrúum í þeim ráðum sem starfa með sviðinu og var því lögð sérstök áhersla á að kynna þeim starfsemina sem best.
- 9 manna hópur sem samanstendur af starfsfólki fræðsluskrifstofu ásamt stjórnendum í skólum og æskulýðsmálum mun sækja 5 daga ráðstefnu um fjölmennningarlega menntun til Toronto í Canada í okt/nóv 2014.
- Fyrsti sameiginlegi starfdagur alla starfsmanna Dalvíkurbyggðar verður haldinn í október 2014.
- Rafræn könnun var lögð fyrir starfsfólk sviðsins.
- Tekið var á móti velferðarnefnd alþingis í maí 2014 en fulltrúar nefndarinnar kynntu sér fjölbreytta starfsemi sviðsins.
- Þátttaka í mótun lýðheilsustefnu sveitarfélagsins.

- Starfsmönnum boðið upp á heilsufarsskoðun í fyrsta skipti.

Verkefni fræðslumála

- Haldinn var fyrirlestur fyrir allt skólafólk í Dalvíkurbyggð um lýðræði og mannréttindi, einn af grunnþáttum menntunar. Ólafur Páll Jóhannesson lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands flutti fyrirlesturinn en hann var haldinn í Menningarhúsinu Bergi í ágúst 2014.
- Haldinn var fyrirlestur um jafnrétti í skólastarfi, bæði fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla. Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir flutti fyrirlesturinn sem var haldinn í febrúar.
- Haldin var kynning á bókinni *Þegar Rósa var Ragnar* fyrir starfsfólk leikskóla sveitarfélagsins. En bókin fjallar um börn og jafnréttismál. Helga María Þórarinsdóttir leikskólakennari hélt kynninguna.
- Haldinn var fyrirlestur um teymiskennslu í Dalvíkurskóla – Marianna Ragnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í Lundarskóla var með hálfsdagsnámskeið ágúst.
- Málþing var haldið í febrúar um skil skólastiga. Allir leik- og grunnskólar Dalvíkurbyggðar komu að þinginu auk Menntaskólans á Tröllaskaga. Þingið var haldið seinnipart í febrúar og var opið öllum.
- Söguskjóðuverkefnið var tilnefnt til nýsköpunarverðlauna í opinberri stjórnsýslu og hlaut sérstaka viðurkenningu. Fulltrúar fóru og veittu viðurkenningunni móttöku.
- Söguskjóðuverkefnið hlaut hvatningarverðlaun foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Fulltrúar fóru og veittu verðlaununum móttöku.
- Nokkrar kynningar voru haldnar á verkefninu Söguskjóður, t.d. fyrir velferðarnefnd alþingis, í HA og á fleiri stöðum. Greinar skrifaðar sem m.a. birtust í tímariti Heimilis og skóla og Skólavörðunni.
- Stuðningur vegna fræðslu í leikskólum um fjölmennningarlegt skólastarf en Guðrún Pétursdóttir kom í ágúst og hélt námskeið fyrir starfsfólk Káta- og Krílakots.
- Mótun nýrrar, sameiginlegrar skólastefnu hófst á árinu og var fundað reglulega vegna hennar af vinnuhópi og ýmsum rýnihópum svo sem foreldrum, nemendum og starfsfólki skólanna.
- Verkefnið *Jafnrétti – setjum gleraugun á nefið* fór í gang en það var styrkt af Sprotasjóði. Því tengd var eftirfylgni með gerð jafnréttisáætlana skóla, utanumhald og skýrslugerð vegna verkefnisins, skipulagning fræðslu og fleira.
- Ítarleg skýrsla um ytra mat skóla var unnin í fyrsta skipti og lögð fyrir fræðsluráð í júní 2014.
- Stuðningur við nemendakönnun grunnskóla sem var í fyrsta skipti lögð fyrir.
- Heimsóknir og athuganir í kennslustundum í Dalvíkurskóla, skýrslugerð og viðtöl þeim tengdum. Alls fór kennsluráðgjafi í heimsóknir til 8 kennara en heimsóknirnar voru að beiðni starfsfólks og í tengslum við kennsluráðgjöf. Útbúinn var athugunarlisti sem nýttur var í heimsóknunum.

- Yfirllestur og uppfærsla á sérkennslustefnu grunnskóla og *Fjölmenningsstefnu skóla Dalvíkurbyggðar*.
- Innleiðing gilda fræðslu- og menningarsviðs veggspjöld, bréfsefni, brúsar og umræðugrundvöllur í starfsþróunarsamtölum.
- Yfirllestur og ábendingar varðandi sjálfsmatsskýrslur skóla.
- Skólarnir flögguðu í annað sinn *Grænfána*, stuðningur við skýrslugerð og skipulagningu flöggunar.
- Sameiginleg ákvörðun var tekin hjá fræðsluskrifstofu og skólunum að segja upp aðgangi að Mentor og færa sig yfir til Námsfús og gerist það á haustdögum 2014 eða þegar skólarnir eru tilbúnir.
- Sótt var um styrki til Þróunarsjóðs innflytjendamála og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Styrkur fékkst frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til fræðslu í tengslum við teymiskennslu.
- Lokaskýrslum skilað til Sprotasjóðs vegna jafnréttisverkefnis, endurmenntunarsjóðs vegna jafnréttis og þróunarsjóðs innflytjendamála vegna Íbúafingsins *Allir í sama liði*.
- Aukið samstarf við stjórnendateymi skóla Fjallabyggðar en nú sækja stjórnendur þar tertufundi skólastjórnenda Dalvíkurbyggðar.
- Yfirllestur og stutt greinargerð um Hvítbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem send var á stjórnendur leik- og grunnskóla.
- Eftirfylgni og stuðningur við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár.
- Skólaárið 2014-2015 fór Gísli Bjarnason, skólastjóri Dalvíkurskóla í námsleyfi. Björn Gunnlaugsson var ráðinn til að leysa Gísla af.
- Fulltrúar úr Fjallabyggð leituðu eftir því að sitja sameiginlega samráðsfundi stjórnenda og fræðsluskrifstofu í Dalvíkurbyggð, tertufundina. Það samstarf hófst á árinu og gafst prýðilega. Kynning var haldin á störfum fræðsluskrifstofu Dalvíkurbyggðar fyrir fulltrúa Fjallabyggðar og mögulegt samstarf rætt.

Verkefni menningarmála

- Samkomulag við safnstjóra um breytt vinnufyrirkomulag.
- Gerður var rekstrarsamningur við Menningar- og listasmiðjuna á Húsabakka. Í því felst m.a. að smiðjan heldur utan um jólasveinabúninga sem eru í eigu sveitarfélagsins.
- Eftirfylgni við samning við Menningarfélagið Berg.
- Eftirfylgni við samning við Bakkabræðrasetur.
- Úthlutað var úr menningarsjóði til 13 verkefna, eftirfylgni og aðstoð við verkefnin.
- Farið var yfir hátíðardagskrá 17. júní og hugmyndir að áherslubreytingar sem mögulegar eru.

Verkefni íþróttar- og æskulýðsmála 2014

- Innleiðing Lýðheilsustefnu hélt áfram á árinu. Haldinn var íbúafundur í febrúar og var vel sóttur. Ákveðið var að halda áfram með starfshóp um

lýðheilsumál. Ákveðið var að notast við verkefni Embættis Landlæknis sem heitir *Heilsueflandi samfélag*. Búið er að koma efni um *Heilsueflandi samfélag* á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og búa til Facebook síðu. Embætti landlæknis og Dalvíkurbyggð skrifuðu undir formlegan samstarfssamning 24. október 2014.

- Vinnuskóli var færður undir fræðslu- og menningarsvið. Mikil stefnumótun átti sér stað og var unnið að því að gera vinnuskólann að stofnun sem setti sér það markmið að kenna ungu fólki hvernig það er að vera á vinnumarkaði. Notast var við verklega kennslu sem og námskeiðshald. Meðal breytinga er að ungmenni komu í starfsviðtal og fengu umsögn í lok tímabilsins.
- Samþykkt var á árinu að rekstri Sundskála Svarfdæla verði komið í rekstur þriðja aðila. Viðhaldi á að vera lokið fyrir lok árs 2014 og eftir það getur rekstur hafist að nýju í sundskálanum.
- Skíðafélag Dalvíkur óskaði eftir framlengingu á samstarfssamningi. Samþykkt var að framlengja samninginn um eitt ár til viðbótar með nokkrum breytingum, svo sem að starfsmaður svæðisins verður ekki lengur starfsmaður Dalvíkurbyggðar.
- Samningur vegna Rima rennur út um áramót og hefur verið í endurskoðun á árinu. Það þarf að endurnýja hann fyrir árið 2015.
- Samningur var endurnýjaður við Skíðafélagið fram til áramóta 2015/16. Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi mun sitja í svæðisstjórn samkvæmt samningi við skíðafélagið. endurmeta þarf stöðuna strax að vori 2015.
- Árni Jónsson hætti störfum hjá Dalvíkurbyggð sem íþróttta- og æskulýðsfulltrúi og tók Gísli Rúnar Gylfason við starfinu 1. mars 2014.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Ákvarðanataka vegna íþróttasvæðis ungmennafélagsins þarf að liggja fyrir og ljóst er að mikið fjármagn þarf sama hvaða leið verður farin.
- Kjörnir fulltrúar þurfa að meta hvort æskilegt sé að gera langtíma stefnumörkun um forgangsröðun á styrkjum og stuðningi við íþróttafélög.

Dalvíkurskóli

Leiðarljós

Þekking og færni – virðing og vellíðan eru yfirheiti skólans og er lagt upp með það í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemandur læri á sínum forsendum.

Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og grunnskólastefnu Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við sýbreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt að hver nemandi fái tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum.



Helstu verkefni 2015

- Næstu skref verða tekin í innleiðingu teymiskennslu. Innleiðingarætlunin verður endurmetin og í vor verður skoðað hvað hefur áunnist og í framhaldinu verða ákvarðanir teknar um næstu skref.
- Innleiðing á nýrri Aðalnámskrá sem var samþykkt 2011 heldur áfram. Sérstakir áhersluþættir verða *ljóðræði og mannréttindi* (haust 2014) og *heilbrigði og velferð* (vor 2015). Einnig verður sú lykilhæfni í námsmati sem unnin var síðasta vetur endurskoðuð. Starfsfólk mun starfa í vinnuhópum og þróa þessa þætti sérstaklega í tengslum við skólastarfið.

- *Uppbyggingarstefnunni og Fjölmeningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar* verður viðhaldið og unnið samkvæmt þeim. Stefnt er að því að halda námskeið í Uppbyggingarstefnunni haustið 2015 í samráði við aðra skóla í nærsamfélaginu. Vinnuhópur um fjölmenningu vinnur að því að fullgera innleiðingaráætlun og fylgja henni eftir.
- Áfram verður unnið að þróun upplýsingatækni í skólastarfi. Sérstaklega er horft til spjaldtölvutækni í því samhengi en um leið verður lögð áhersla á þróun kennsluhátta í takt við nýja tíma og nýja tækni. Stefnt er að því að fjölga nemendatækjum.
- Nemendalýðræði verður elft. Námsnefnd skipuð nemendum unglingsstigs og fulltrúum kennara verður skólanum til ráðgjafar og aðhalds um ýmis mál varðandi nám og kennslu.
- Unnið verður að umhverfismálum í *Grænfána-verkefninu* og er stefnt að því að flagga *Grænfánanum* í þriðja sinn vorið 2016. Umhverfisnefnd skólans vinnur framkvæmda-áætlun árlega og setur fram forgangsverkefni.
- Frekara samstarf við félagsmiðstöð. Reglulegir samstarfsfundir eru haldnir þar sem samráð er haft um ýmis verkefni.
- Allir grunnþættir Aðalnámskrár verða settir inn í bekkjarnámskrár sem eiga að vera tilbúnar 8. september 2014. Unnið er markvisst að því að endurskoða bekkjarnámsskrár meðan á innleiðingarferlinu stendur.
- Allir kennarar þurfa að gera samræmda kennsluáætlun fyrir sína námsgrein og hún sett á innra net skólans.
- Eftirtaldir hópar og nefndir verða starfandi skólaárið 2014 – 2015: stýrihópur um innleiðingu teymiskennlu, stýrihópur um þróunarverkefnið *Byrgjum brunninn – árangursríkt nám í upphafi grunnskóla*, umhverfisnefnd, stýrihópur um uppbyggingarstefnuna, stýrihópur um innleiðingu grunnþátta Aðalnámskrár, nefnd um endurskoðun heimanámstefnu skólans, valgreinanefnd, eineltisteymi og stýrihópur um sjálfsmat skólans.
- Námfús er nýtt netumsjónarkerfi sem tekið verður í notkun nú á haustdögum og mun taka við af Mentor.
- Ákveðið að taka til endurskoðunnar foreldrahandbók sem verður aðgengileg og einföld fyrir alla í skólasamfélaginu.
- Ákveðið var að seinka foreldraviðtölum sem undanfarin ár hafa verið í upphafi skólaárs fram í byrjun október þar sem árangursríkara er talið að þau fari fram þegar nokkrar vikur eru liðnar af skólastarfinu. Skoða þarf þó sérstaklega móttöku nemenda í 1. bekk.
- Menntamálaráðuneytið mun framkvæma ytra mat á skólastarfinu í lok september 2014. Í kjölfarið á niðurstöðum þeirra verður gerð úrbótaáætlun og henni fylgt eftir.



- Stoðteymi skólans mun vinna að verkferlum varðandi túlkajónustu og þýðingar á skólaárinu.
- Starfsfólk skólans mun sækja sameiginlega ráðstefnu skólastiganna um skólamál sem Símeý stendur að.
- Möguleikar á að bjóða nemendum upp á hafragraut á morgnana verða skoðaðir.

Yfirlit yfir 2014

- Ákvörðun var tekin í ársbyrjun 2014 að endurskipuleggja fyrirkomulag umsjónarkennslu og taka upp teymisvinnubrögð. Innleiðing hófst á vordögum og kemur til framkvæmda í upphafi skólaárs 2014-2015. Skólaþróunardeild Háskólans á Akureyri mun verða til ráðgjafar í innleiðingarferlinu.
- Frímínútur í skólanum voru lengdar upp
- Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar vinnur nú að nýrri skólastefnu fyrir Dalvíkurbyggð og taka fulltrúar skólans þátt í þeirri vinnu.
- Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár hélt áfram og var unnið með grunnþættina *sköpun* haustið 2013 og *jafnrétti* vorið 2014. Einnig hófst vinna við þróun námsmats snemma á árinu, þar sem mat á lykilhæfni nemenda var innleitt í fyrsta sinn.
- Innleiðingarferli á *Uppbyggingarstefnunni* hélt áfram þótt áhersla hafi nokkuð minnkað. Stefnan er nú að miklu leyti komin í framkvæmd en þó er þörf á að viðhalda þeim vinnubrögðum og viðhorfum sem henni fylgja. Stefnt er á námskeið haustið 2015.
- Skólinn hlaut veglegan styrk úr Sprotasjóði til að vinna með snemmtæka íhlutun í yngstu bekkjunum varðandi les- og talnaskilning. Verkefnastjórar sérkennslu munu leiða þessa vinnu.
- Námsgreinin *Nýsköpun og áhugasvið* var tilraunakennd í unglíngadeild á vordögum og gekk það vel að ákveðið var að hún skyldi halda sessi sínum að hausti.
- Unnið var markvisst að umhverfismálum í skólanum og skólinn flaggaði *Grænfánanum* í annað sinn í maí 2014.
- Unnið var markvisst með *Art þjálfun* í vetur og fengu nemendur í 2., 6. og 9. bekk þjálfun í 12 vikur hver hópur.
- Áfram var unnið með kennsluáðferðina *Orð af orði* í öllum bóklegum greinum í Dalvíkurskóla. Ráðgjafi kom frá Háskólanum á Akureyri til að viðhalda fyrri vinnubrögðum og til að innleiða *Læsi til náms* sem er lesskilnings og ritunarþáttur aðferðarinnar. Því verkefni lauk formlega í maí.
- Ákvörðun var tekin um samstarf við netumsjónarkerfið Námfús en hingað til hefur skólinn notast við Mentor. Tilraunir með samstarf hófust í ársbyrjun þegar unnið var að nýju námsmati og í kjölfarið var ákveðið að skipta um þjónustuaðila á nýju skólaári.
- Unnið var að eflingu nemendalýðræðis og var námsnefnd sett á laggirnar snemma árs. Í námsnefnd sitja fulltrúar nemenda á unglíngastigi auk fulltrúa kennara og stjórnenda. Nefndin fundar um það bil mánaðarlega og

er samráðsvettvangur nemenda og starfsfólks um málefni sem snúa að námi og kennslu.

- Comeniusar-verkefninu *NIVE* lauk formlega á vordögum. Verkefnið tengdist umhverfismálum og var hluti af áætlun skólans um *Grænfánann*.
- Þróunarstarf var unnið með spjaldtölvur í 7. bekk, þar sem hver nemandi hafði tæki til afnota í námi sínu. Áfram verður haldið með verkefnið um leið og unnið verður að því að fleiri nemendur fái aðgang að þessari tækni.
- Nokkrar nýjungar litu dagsins ljós á skólaárinu. Má þar nefna aldursblöndun unglunga í kennslustundum í svokölluðum hringekjutímum, áhugasviðstíma hjá unglingum þar sem þeir sóttu sér fræðslu um sitt áhugasvið og kynntu svo vinnu sína á opnum degi.
- Haustið 2014 fóru allir starfsmenn á námskeið um lýðræði, einnig fræddi Ingibjörg Auðunsdóttir starfsfólk um birtingamyndir eineltis og forvarnir gegn því. Þá fengu kennarar og stuðningsfulltrúar fræðslu um vinnu með einhverfum nemendum og um teymiskennslu.
- Haustið 2014 var gerð tilraun með að bjóða upp á hafragraut á morgnana fyrir nemendur skólans.
- Aukin áhersla var lögð á að kennarar skili inn bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum til stjórnenda haustið 2014.



Innra starf

- Haldið verður áfram með *innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá* þar sem að stýrihópur og verkefnastjóri sjá um að stýra þeirri vinnu samkvæmt innleiðingaráætlun
- Þróunarverkefnið *Byrgjum brunnin - árangursríkt nám í upphafi grunnskóla* hefur að markmiði að byggja upp grunn fyrir yngstu börnin í skólanum þar sem snemmtæk íhlutun verður höfð að leiðarljósi bæði í lestri og stærðfræði.
- Unnið verður markvisst eftir „*Læsisstefnu*“ Dalvíkurskóla og stefnt er að því að hún verði komin að fullu til framkvæmda 2015.
- Stoðteymi er starfandi við Dalvíkurskóla og í því sitja verkefnastjórar sérkennslu, iðjuþjálfari, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjórar. Stoðteymið kallar til aðra sérfræðinga og umsjónarkennara þegar þörf er á.
- Nemendarverndarráð er starfandi við skólann. Það hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.

- Skólinn starfar eftir *Olweusar – áætluninni* og haldnir eru reglulega bekkjarfundir hjá nemendum Dalvíkurskóla. Eineltisteymi er starfandi við skólann og fundar hálfsmánaðarlega, oftast ef þess þarf. Hlutverk teymisins er að vinna að forvörnum gegn einelti og vinna í eineltismálum sem koma upp í skólanum.
- *Skólaráð* er starfandi við Dalvíkurskóla. Ráðið hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 og fundar einu sinni á hverri önn og aukalega eftir þörfum.
- Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtöl sem verða tekin eftir áramót. Deildarstjórar munu taka viðtöl við sína undirmenn.
- Stjórnendur funda með stuðningsfulltrúum og skólaliðum einu sinni á önn.
- Bundnar vinnustundir hjá kennurum verða á milli kl. 14:00 – 16:00 á þriðjudögum og fimmtudögum.
- Skólinn starfar samkvæmt *Uppbyggingarstefnunni*. Allir umsjónarbekkir gera sér bekkjarsáttmála og starfsmannahópurinn gerir starfsmannasáttmála. Allir bekkir skilgreina mitt og þitt hlutverki þ.e. hvert er hlutverk nemanda í skólanum og hvert er hlutverk starfsmanna. Starfsmenn og nemendur vinna að því að gera uppbyggingarsáttmála.
- 2., 6. og 9. bekkur fær *Art – þjálfun* sem er markviss þjálfun í samskiptahæfni. Þar er unnið með sjálfstjórn, félagsfærni og siðfræði jöfnum höndum. Við skólann eru fimm *Art-þjálfarar*.
- Markvisst verður unnið í vinnuhópum og nefndum sem tengjast grunnþáttum í nýrri Aðalnámskrá og öðru sem tengist innra starfi skólans.
- Endurmenntunin verður skipulögð í samræmi við þarfir skólans og starfsmanna. Starfsþróunareyðublöðum verður skilað 1. júní ár hvert.
- Unnið er markvisst að innra mati skólans. Meðal nýjunga má nefna námsnefnd sem skipuð er fulltrúum nemenda og kennara og hefur áhrif á ákvarðanir um nám og kennslu. Einnig má nefna matsfund þar sem allir starfsmenn koma saman og fá tækifæri til að tjá sig um jákvæðar og neikvæðar hliðar vinnustaðarins.
- Starfsmanna-, nemenda- og foreldrakannanir eru lagðar fyrir ár hvert í samstarfi við fræðsluvið. Út frá þeim er unnin úrbótaáætlun.



Upplýsingaflæði

- Upplýsingakerfið *Námfús* er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms og líðan nemenda í skólanum. Upplýsingar eru færðar inn í rafræna dagbók nemandans. Heimanámið er sett inn á *Námfús* í elstu

bekkjunum. Einnig er kerfið notað til að halda utan um námsmat og ástundun nemenda.

- Í vaxandi mæli fer upplýsingagjöf til foreldra fram í gegnum samfélagsmiðla og tölvupóst en á heimasíðu Dalvíkurskóla eru settar helstu fréttir og upplýsingar er varða skólastarfið. Umsjónarkennarar senda fréttir vikulega frá skólanum á rafrænu formi. Átak hefur verið gert í upplýsingaflæði til þeirra foreldra sem ekki tala íslensku og hefur skólinn verið í samstarfi við leikskólana ef þörf er á túlki.
- Haustfundir eru með foreldrum í hádeginu á haustdögum. Markmiðið með þeim er að foreldrahópurinn nái að hittast og fara yfir sameiginleg málefni svo sem samskipti í bekkjum, verkefni vetrarins og fleira.
- Stjórnendur senda mánaðardagskrá til alls starfsfólks þar sem fram koma viðburðir sem eru á döfinni í Dalvíkurskóla, auk þess senda þeir vikulega fréttabréf þar sem nánar er greint frá dagskrá vikunnar og viðburðum í skólastarfinu eru gerð skil.
- Fundargerðir vinnuhópa eru settar á innra net skólans sem allir starfsmenn Dalvíkurskóla hafa aðgang að.
- Foreldrar, nemendur og starfsfólk geta alltaf leitað til skólastjórnenda á skólatíma, því eru þeir ekki með fasta viðtalstíma.



Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Fylgja þarf eftir endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi. Þar með talin kaup á spjaldtölvum fyrir nemendur.
- Stefnt er að því að skjávarpar í kennslustofum séu tengdir við nýlega borðtölvu og að kennarar hafi einnig skjá á kennaraborði. Stefnt er að því að þetta verði komið í allar kennslustofur í byrjun skólaárs 2016 – 2017.
- Endurnýja húsgögn í stjórnunarrými og vinnuaðstöðu tölvumanns.
- Vinna að endurnýjunaráætlun varðandi húsgögn í kennslustofum. Leggja áherslu á að endurnýja a.m.k. eitt bekkjarsett á hverju ári. Endurnýja hluta af stakstæðum hillum í kennslustofum. Endurnýja þarf allar rimlagardýnur í kennslustofum í eldra húsnæði.
- Gera á ráð fyrir myndavélakerfi við skólann bæði inni og úti en fyrsta öryggismyndavélin er nú komin í gagnið.

Lykiltölur

	2008	2009	2010	2011	2012	2013**	2014*
Nemendafjöldi	314	309	295	297	256	256	240
Starfsmannafjöldi	69	67	62	60	51	53	52
Meðalstarfsaldur á starfsstað			11,3	10,9	10,3	9,8 ár	8,6
Heildarfjöldi stöðugilda	53	51	49,6	49,64	42,77	40,75	38,5
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stj				3	3	3/2	3/2
Fjöldi stöðugilda kennara						21,62	20,52
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga						6,62	5,47
Fjöldi annarra stöðugilda						10,51	10,51
Heildarstærð húsnæðis	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk			32	49	20	23*****	22
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur			10	44	26	26	26
Fjöldi spjaldtölva					2	30	50
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	8,69	6,55	11,2	11,8	15,9	5,2**	6,9
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna					33	78,6	70,4
Heildarfjöldi launalausra frídaga	4	2	9	7	27,56	9	5
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	8	12	7	10	151,4	187	156
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu					22%	33%**	56%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun						93%	50% ***
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	92%	94%		94%	95%	96,3%	97% ***
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	92%****	95%****		95%****	93%****	76%	82% ***
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun						65%	68%***
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni						97%	99%***
Hlutfall starfsfólk sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	38%	70%	50%	100%	88%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott						81%	99% ***
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna						4%	6%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna						12%	15%
Kynjahlutfall nemenda						44%kvk	44%
Kynjahlutfall starfsfólks						73%kvk	81%
Frávik í fjárhagsáætlun	-0,95%	0%		2,42%	100,39%	103,7	

*m.v. 1. sept 2014** árið 2013, til nánara skjal yfir þetta. 5 uppfylltu að fullu,

nokkuð vantaðiupp á skil.

***í apríl 2014

****spurningin var ánægja með upplýsingagjöf

*****Breyting í tækni, keyptar hafa verið tölur sem um 10 geta unnið á í einu

Dalvíkurskóli – Frístund

Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði fyrir 1.-4. bekk, hópastarf og skapandi verkefni.

Helstu verkefni 2015

- Huga mætti að markaðsetningu á *Frístund* og að gera starfið sýnilegra.
- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Þróa innra mat á *Frístund*.
- Skoða leiðir til að gera samskipti og upplýsingagjöf til foreldra skilvirkari, til dæmis með því að nota Námfús eða samfélagsmiðla.
- Setja/yfirfara þjónustustefnu fyrir *Frístund*

Yfirlit yfir 2014

- Efling jákvæðra samskipta í barnahópnum í gegnum leik.
- Fjárfest var í nýjum leikföngum og tölvu. Tölvun nýtist einnig starfsmanni.





Upplýsingaflæði

- Upplýsingaflæði til foreldra hefur aðallega farið fram í beinum samskiptum starfsmanns.
- Upplýsingar um *Frístund* eru á heimasíðu Dalvíkurskóla.

Innra starf

- Innleiðing er hafin á *Uppbyggingarstefnunni* með áherslu á samskipti og samvinnu barna.
- Koma þarf á samskiptum við önnur frístundaheimili.
- Starfsmaður sækir símenntun í tengslum við frístundastarf.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/ verkefni

- Endurnýja þarf húsgögn fyrir nemendur, en fengin voru gömul húsgögn frá Dalvíkurskóla og ráðhúsinu þegar starfsemin fór í gang.
- Möguleg fjölgun barna í *Frístund* þar sem að stórir árgangar eru að koma inn á næstu árum. Möguleg aukning verður á starfsmannahaldi.

Lykiltölur

	2010	2011	2012	2013	2014*
Fjöldi barna sem skráð eru í <i>Frístund</i>	21	11	11	13	15
Fjöldi starfsmanna		2	1	1	1
Fjöldi stöðugilda		0,78	0,45	0,45	0,45
Fjöldi klst í vistunartíma		328	293,25	411	376
Frávik frá fjárhagsáætlun		-1,19%	-13,88%	0,96%	

*m.v. 1. Sept 2014

Krílakot og Kátakot

Leiðarljós

Gleði – Sköpun – Þor

Hlutverk

Skólarnir Krílakot og Kátakot starfa eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er, frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára. Forgang hafa börn frá 2ja-6 ára. Leikskólinn vinnur að því að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra. Hann stuðlar að víðsýni, sterkri sjálfsmynd, öflugri heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Hann vinnur skipulega að málörvun og stærðfræði í hinu daglega lífi. Jafnframt leggur hann áherslu á skapandi starf og leikinn í öllu þroskaferli barnsins, útikennslu og uppeldi til ábyrgðar.

Markmið skólanna er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega sem líkamlega sterkir einstaklingar sem geti tekið þátt á skapandi, virkan og ábyrgan hátt í lýðræðisþjóðfélagi. Unnið er markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og hver einstaklingur ber virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Helstu verkefni 2015

- *Uppbyggingarstefnan.* Markmið ársins er að samræma orðræðu og agastjórnun. Samræma hvernig talað er við börn og viðurlög við agabrotum. Umsjónarmenn verkefnis ætla að vinna að ársáætlun í tengslum við *Uppbyggingarstefnuna* og einnig leggja fram dæmi um hegðun og hvernig réttast er að bregðast við samkvæmt uppbyggingarstefnunni.



- Markmið er að nýta starfsmannafundi til þjálfar starfsfólk í að tala á uppbyggjandi hátt með það að markmiði að leita lausna og hvetja aðra til að leysa úr vandamálum. Einnig með það að markmiði að börnin velji sjálf að breyta rétt fái þau tækifæri til, hætti að beita óæskilegri hegðun til að ná athygli og finni að hún er ekki viðurkennd í skólanum.
- *Tónar eiga töframál.* Það er okkar ósk að vera í samstarfi við tónlistarskólann áfram ef kostur er. Það er ekki búíð að leggja línurnar en vonandi gengur það upp að kennarar tónlistarskólans heimsæki leikskólana og kynni hljóðfæri.

Að öðru leyti sér starfsfólk skólans um tónlistarkennslu sem byggir á söng, notkun einfaldra hljóðfæra, hreyfingu og dansi.

- *Grænfáni.* Við erum með það á áætlun að merkja plöntur í garðinum og einnig að efla kennslu í náttúrufræði og þá helst að tengja hana fuglalífinu, setja fuglahús og myndir af fuglum svo börnin geti velt fyrir sér útliti þeirra og lífsháttum. Þessu ætlum við að ljúka á árinu og fyrir sumarið 2015. Við viljum gera þetta þannig að skiltin verði varanleg svo við erum að skoða hvaða leið er best að fara. Auk þess að flokka, rækta og huga að umhverfinu höfum við sett okkur markmið til næstu tveggja ára varðandi verkefnavinnu til að öðlast *Grænfánann* árið 2016. Í Krílakoti ætlum við að efla útikennslu með fjölbreyttum hætti og einnig verður lýðheilsa okkar fag. Markmiðið er að börnin læri hvað er hollt og óhollt, hvaðan maturinn kemur þ.e. frá dýrunum, hvaðan vatnið kemur og hvers vegna þurfi að vernda það o.s.frv. Dalvíkurbyggð er að marka sér stefnu er varðar lýðheilsu og heilsuvernd og því tilvalið að byrja hjá yngstu kynslóðinni. Í Kátakoti verður áfram lögð áhersla á lýðheilsu með hollustu og hreyfingu að leiðarljósi. Einnig verða unnin verkefni sem snúa að grenndarkennslu. Mánakot ætlar að vinna verkefni um Jóhann Svarfdæling og gamla tímanna og Sólkot vinnur verkefni um Dalvíkurskjálftann, sögu hans, náttúrufræði og viðbrögð við jarðskjálftum.



- *Fjölmennning.* Unnið er eftir *Fjölmennningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar*. Við ætlum að halda áfram að þýða efni og setja á heimasíðu skólans. Einnig er markmiðið að útbúa handbók fyrir foreldra með mikilvægum upplýsingum um skólann og að hún verði til á íslensku, ensku og pólsku til að byrja með.
- *Leikskólalóðin.* Lóðin er í góðum málum en okkur langar að setja upplýsingar á lóðina um plöntur og fugla. Annars verður að koma í ljós þegar viðbygging er klár hvort breyta þurfi lóðinni með tilliti til eldri barna. Varðandi lóðina þá lést George Hollander á árinu en hann hefur markað spor í leikvallagerð á Íslandi í þá átt að þeir séu eins náttúrulegir og mögulegt er. Það er vilji okkar að setja upp skilti við eða á lóð með nafni Georgs, hugmyndafræðinni og hönnunarári til virðingar honum.

- *Starfsmannahópurinn.* Það er markmið að halda starfsánægju í hávegum enda staðan góð í dag. Við fengum verðlaun frá Dalvíkurbyggð á árinu fyrir góðan rekstur og gott starf, 500.000 krónur. Settur verður upp kassi á kaffistofu og óskað eftir hugmyndum frá starfsfólki hvernig það vill nýta fjármagnið. Við erum að þjappa saman starfsmannahópnum, Krílakoti og Kátakoti, og munum halda suma fundi saman og aðra í sitt hvoru lagi, fer eftir viðfangsefnum hverju sinni. Leikskólarnir eru komnir með facebook síður þar sem þeir deila hugmyndum og geta átt í samskiptum utan vinnutíma. Sameiginleg síða verður gerð þegar samruninn verður 2016.
- *Námsferð.* Stefnt er á námsferð árið 2016 og er vilji til að fara til Minnieapolis og heimsækja skóla sem vinna eftir Uppbyggingarstefnunni og jafnvel sækja námskeið þar. Þetta er á hugmyndastigi en skólarnir eru farnir að safna sér fjármagni til að létta undir með því að selja þrjónavettlinga, leir, smekki og heimagerð dúkkuföt. Markmið er að skapa samstöðu og efla starfsanda, bæði við undirbúning og framkvæmd.



- *Jafnréttisverkefni.* Þó svo að jafnréttisverkefninu sé formlega lokið höldum við áfram að marka góða jafnréttisstefnu með það að markmiði að öllum líði vel og finni að þeir eru velkomnir í skólann á eigin forsendum, foreldrar, börn, kennarar og aðrir sem að skólanum koma. Markmiðið er að skrá þátttöku foreldra í foreldrasamstarfi, við ætlum að kanna hvort jafnvægi er þátttöku foreldra þ.e. feðra og mæðra. Við höfum einnig ákveðið að skráning fari fram á stöðu barna af erlendum uppruna með ákveðnu skráningarformi sem heitir. Staða – framfarir – framhald. Ástæðan er að í sumum tilfellum er ekki hægt að nýta mælitæki eins og *EFI próf* og *Hljóm-2*. Staða – framfarir – framhald gefur starfsfólki góða mynd af félagslegri stöðu og málþroska barna af erlendum uppruna.
- *Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár* mun eiga sér stað en nánar er sagt frá innleiðingunni undir *Innra starf*.

- Sameining Káta- og Krílakots. Þróun og undirbúningur vegna breytinga á húsnæði leikskólanna sem og faglegu starfi. Þetta er stórt verkefni sem við munum eyða góðum tíma í enda mikilvægt að vandað verði til verka. Góð samskipti eru milli fulltrúa Eignasjóðs, fulltrúa leikskólans, foreldra og hönnuðar leikskólans. Leitast er eftir hugmyndum og skoðunum allra, því betur sjá augu en auga.
- *Mötuneyti*. Samvinna er milli mótuneytis Krílakots og *Við höfnina* sem eldar fyrir Kátakot. Ákveðið var að samræma matseðla þannig að fiskur og kjöt er á sömu dögum. Þetta var gert til að verða við óskum foreldra og er nú fiskur í öllum skólum Dalvíkurbyggðar á sama degi og kjöt á sama degi.
- *Þróunarverkefni*. Við höfum verið að vinna í átt til heilsueflandi skóla á undanförunum árum og nú er verið að kanna hvort vilji er hjá starfsfólki til að ganga alla leið og setja af stað þróunarverkefni og fá vottun sem *Heilsueflandi skóli*. Það var leikskólinn Urðarhóll í Kópavogi sem setti þetta verkefni af stað fyrir nokkrum árum og eru nú að minnsta 7 skólar á landinu sem hafa fengið vottun. Það fer eftir viðbrögðum starfsfólks og foreldra um hvort farið verður af stað í verkefni, það er jú mikilvægt að vilji sé fyrir hendi þegar farið er af stað í verkefni sem þetta. Eitt af markmiðunum er heilsufarsbók fyrir hvert barn sem fyllt er inn í og gefur það okkur og foreldrum tækifæri til að fylgjast vel með heilsufari barnanna og jafnvel auka samstarf við heilsugæslu.
- *Stærðfræði*. Efla þarf stærðfræði í skólunum, efniviður mun verða aðgengilegri og hvetjandi til leiks. Þrjú kennarar fóru á námskeið í notkun Numicon kubba og er markmið komandi árs að nýta þá á fjölbreyttan hátt í stærðfræðileiki í Kátakoti. Námskeiðið er aðgengilegt og sýnilegt sem vonandi hvetur börnin til að nýta það í frjálsum leik. Verkefnið úr Töfraheimar stærðfræðinnar verða nýtt í báðum skólum og stærðfræðin tengd inn í öll verkefni auk annara námsþátta s.s læsis.
- *Nordplus*. Við höfum lagt inn umsókn hjá Nordplus um samstarf við aðrar þjóðir, verkefni sem ber heitið. Put the glasses on - multicultural - disability - equality. Upplýsingar um verkefnið er að finna á síðu Nordplus. Staðan er þannig núna að við erum að leita eftir samstarfsskólum.
- *Art*. Áfram verður unnið með *Art* í elsta hópnum. Tveir kennarar munu sækja námskeið í október 2014.
- Starfsfólk skólans mun sækja sameiginlega ráðstefnu skólastiganna um skólamál sem Símei stendur að.



Yfirlit yfir 2014

- *Uppbyggingarstefnan.* Farið var yfir þarfirnar fimm og fyrir hvað þær standa. Í kjölfarið fór fram þarfagreining hjá starfsfólki eftir ákveðnu skema þ.e hvaða þörf væri sterkust hjá þeim. Útbúið var spjald með þarfahringnum og nöfn starfsmanna sett á réttan stað á hringnum. Þarfahringurinn hangir nú uppi á vegg í miðrymi og getur starfsfólk tekið mið af einstaklingnum og þörfum hans eftir því hvað við á. Þetta gefur starfsfólki tækifæri til að skilja viðhorf annarra til lífsins, starfsfólks, foreldra og barna, og þar af leiðandi skólustarfsins. Það er einnig hægt að nýta sér þessa greiningu til að finna verkefni sem henta hverjum og einum.
- *Art.* Tveir starfsmenn fóru á námskeið. Í kjölfarið var *Art* sem er agastjórnnunaraðferð unnið með elstu börnum skólans í 12 vikur. Vinnan gekk ágætlega og er markmiðið að halda henni áfram á komandi skólaári.
- *Tónar eiga töframál.* Tónlistin var stór þáttur í skólustarfinu. Samstarf var við tónlistarskólann út árið 2013 en í janúar 2014 hætti kennarinn frá tónlistarskólanum svo starfsfólkið tók tónlistina í sínar hendur eins og því einu er lagið. Við tengdum útikennslu tónlistinni, fórum út með hljóðfæri í hópatímum og héldum söngfundum á útisvæði á föstudögum. Lagfæra þarf tónlistarhorn á leikskólalóð en því er ekki lokið.
- *Grænféni.* Þar sem grænmetisgarðurinn á Krilakoti fer að öllum líkindum þegar viðbygging kemur árið 2015 þá ákváðum við að leggja ekki stóra vinnu í hann heldur fengum við okkur gróðurkassa/kör og settar voru niður kartöflur og gulrætur. Því miður var það að mestu skemmt utan leikskólatíma svo uppskeran var lítil sem engin. Við vorum með það á áætlun að merkja plöntur í garðinum og einnig að efla kennslu í náttúrufræði og þá helst að tengja hana fuglalífinu, setja fuglahús og myndir af fuglum svo börnin geti velt fyrir sér útliti þeirra og lífsháttum. Þessu ætlum við að ljúka á árinu og fyrir sumarið 2015. Á Kátakoti settum við niður kartöflur í grænmetisgarðinn að vanda og heppnaðist uppskeran mjög vel.
- *Fjölmennning.* Unnið er eftir *Fjölmennningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar.* Við höfum verið að vinna að endurbótum á heimasíðu skólans, að koma þýddu efni þar inn á pólsku og ensku. Eitthvað efni fór þar inn en við höldum ótrauð áfram á komandi ári. Unnið var með verkefnið *Söguskjóður* skólaárið 2012-2013 og svo var áframhald í byrjun árs 2014. Foreldrar og kennarar hittust, útbjuggu *Söguskjóður* og tengdust sterkari böndum auk þess að foreldrar af erlendum uppruna urðu öruggari í samskiptum sín á milli sem og við kennara og fengu



íslenskuþjálfun í leiðinni. Til upplýsinga fengum við tvönn verðlaun fyrir verkefnið sem við erum mjög stolt af. Við fengum nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og einnig hlaut verkefnið viðurkenningu frá Heimili og skóla fyrir frammúrskarandi vinnu í uppbyggingu á foreldrasamstarfi.

- *Leikskólalóðirnar.* Á Krílakoti var áætlað að hafa vinnudag með foreldrum sumarið 2014 en ekki varð af því, ástæðan var fyrst og fremst að ekki var boðað til vinnudags. Foreldrasamstarfið síðasta vetur fór yfir í að sitja fundi vegna nýbyggingar svo hitt datt upp fyrir. Áætluðum verkefnum er samt lokið. Kennarar og börn settu niður grænmeti og kartöflur. Beðin voru hreinsuð og borið á tréverk og sáu börnin í vinnuskólanum um það verk. Það að setja smá lit á tréverkið setti svip á lóðina og verndar viðinn. Gróðursettar voru sumarplöntur í gömul stígvél til að lifga uppá svæðið, börn og starfsfólk skólans hjálpuðust að. Á Kátakoti var ýmsilegt lagað á útisvæðinu og málað.
- *Starfsmannahópurinn.* Starfsfólkið er í vinnuhópum sem hittust nokkrum sinnum yfir árið og réðu ráðum sínum, fóru yfir hvernig staðan er á verkefnunum og komu með hugmyndir að framhaldinu. Markmiðið er að nýta mannauð skólans og hvetja starfsfólk til að verða sérfræðingar á ákveðnum sviðum og miðla þekkingunni sín milli. Það er skemmtilegt að segja frá því að samkvæmt skoðanakönnun starfsfólks 2014 mældist lítið sem ekkert álag í starfi skólaárið 2013-2014. Starfsánægja er grundvöllur góðs skólasamfélags og er þessi þróun gleðileg því fyrir fjórum árum var álag metið þannig að um 70% starfsfólks þótti álag ekki hæfilegt. Krílakot fékk einnig verðlaun frá Dalvíkurbyggð fyrir góðan rekstur og faglegt starf, peningaupphæð að andvirði 500.000 króna. Það var okkur heiður og verður fjárhæðin nýtt í þágu starfsmannahópsins.
- *Námsferð.* Krílakot og Kátakot fóru í námsferð í nóvember 2013 með það að markmiði að heimsækja skóla á höfuðborgarsvæðinu. Ferðin byrjaði aðeins brösuglega vegna veðurs en endirinn varð sá að skólar á Akureyri voru heimsóttir fyrri part dags og í Reykjavík seinnipartinn. Að loknum skólaheimsóknum var sameiginlegur kvöldverður og gist í borginni. Markmið ferðarinnar var að heimsækja framsækna skóla í tengslum við uppbyggingarstefnuna, stærðfræði og læsi. Skýrsluna má finna á heimasíðu skólans.



- *Leikskólalæsi.* Starfsfólk skólans hélt áfram að útbúa verkefnapoka í tengslum við söng og læsi. Pokarnir eru aðgengilegir og voru nýttir í starfi með börnunum. Leikskólalæsið er komið í fastar skorður og innleiðingu lokið en er samt í stöðugri þróun og er starfsfólk stöðugt að finna nýjar leiðir og ný verkefni. Söguskjóðurnar eru góð viðbót við verkefnið sem við höfum og eru þær nýttar í vinnu með börnunum þegar þær eru ekki í útláni.
- *Jafnréttisverkefni.* *Sprotasjóður* styrkti Fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leik- og grunnskóla Dalvíkurbyggðar til að vinna verkefnið *Jafnrétti – setjum gleraugun á nefið*. Haldin voru námskeið fyrir starfsfólkið og í kjölfarið nýtti starfsfólkið fundina til að skoða sjálfst sig í starfi, orðræðu og samskipti auk þess að skoða þann efnivið sem er í boði fyrir börnin. Niðurstaðan var að við erum í nokkuð góðum málum en þurfum alltaf að hafa jafnrétti í víðu samhengi á bak við eyrað, t.d. við innkaup og í öllum daglegum samskiptum. Verkefninu lauk með því að útbúa jafnréttisáætlun fyrir skólana og hefur hún verið samþykkt af Jafnréttisstofu og er komin á heimasíðu skólans.
- *Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár* mun eiga sér stað en nánar er sagt frá innleiðingunni undir *Innra starf*.
- *Comenius.* Það er gaman að segja frá því að árin 2009-2011 var Krílakot í samstarfsverkefni sem bar nafnið *Ólíkar hefðir – saman í frí*. Verkefnið vakti lukku og við samantekt og mat á verkefnum í nóvember 2013 fékk Krílakot verðlaun frá Comenius fyrir fyrirmyndarverkefni. Þessi verðlaun voru okkur mikill heiður og hvatning til áfrahaldandi þróunarstarfs og þá með fjölmenningu og jafnrétti í huga.
- *Nordplus.* Við höfum lagt inn umsókn hjá Nordplus um samstarf við aðrar þjóðir, verkefni sem ber heitið. *Put the glasses on - multiculturality - disability – equality*. Upplýsingar um verkefnið er að finna á síðu Nordplus. Staðan er þannig núna að við erum að leita eftir samstarfsskólum.
- *Sameining Káta- og Krílakots.* Þróun og undirbúningur vegna breytinga á húsnæði leikskólanna sem og faglegu starfi hefur verið í vinnslu. Sameiginleg skólanámskrá er í mótnun, Mentor hefur verið sameinað og einnig heimasíða skólanna. Starfsáætlun er nú sameiginleg sem og jafnréttisáætlun.
- *Skólastefna.* Skólastjóri og kennari frá Kátakoti tóku þátt í gerð sameiginlegrar skólastefnu fyrir skóla Dalvíkurbyggðar. Farið yfir stefnur skólanna, dregnir fram sameiginlegir þættir og mótaðir nýjir þær sem við á. Fundir voru reglulega yfir veturinn auk þess sem yfirlestur var hluti af vinnunni.



- *Mannauðsstefna.* Fulltrúi starfsfólks Krílakots tók þátt í mótun nýrrar mannauðsstefnu, sat fundi og tók saman hugmyndir frá starfsfólki skólans og kom á umsjónarmann verkefnis.
- *Ímynd Dalvíkurbyggðar.* Skólastjóri og kennari frá Krílakoti tóku þátt í verkefnavinnu undir stjórn Símeý og upplýsingafulltrúa.
- *Framtíðarsýn leikskólans.* Skólastjóri ásamt einu foreldri af Kátakoti tóku þátt í stefnumótun um framtíðarsýn leikskólans, fundi sem haldinn var á Akureyri.

Innra starf

- *Ný Aðalnámskrá.* Unnið var að innleiðingu á starfsmannafundum, samræður og vangaveltur um hvernig við getum uppfyllt markmið skólans og hvort eitthvað þurfi að lagfæra. Það var í kjölfar styrks til skólans haldið áfram að innleiða jafnrétti og útbúa jafnréttisáætlun. Mikið þúður fór í jafnréttið og söguskjóðurverkefnið en innleiðing annarra þátta hélt samt áfram samkvæmt áætlun en við munum halda áfram á komandi ári með innleiðingu til að styrkja okkur enn frekar og eru það kaflinn um *heilbrigði og vellíðan – sköpun og menning* auk þess sem *mat á námi og velferð barna – fjölskyldan og leikskólinn – tengsl skólastiga og mat á skólastarfi – innra og ytra* voru til umfjöllunar. Það er síðasta lotan í innleiðingunni.
- *Námskrá Krílakots og Kátakots.* Ákveðið var að sameina námskrárnar og gera námsáætlun aldurstengda. Þetta er stórt verkefni og markmiðið að allt starfsfólk skólanna kynni sér námskrár skólanna og taka þátt í endurmótun. Hópvavinna verður í vetur þar sem starfsfólk kemur saman til að ígrunda námskrána.
- *Innra mat.* Starfsmannasamtöl verða á vorönn og gerð verður foreldra- og starfsmannakönnun að vori í samstarfi við fræðslusvið. Gerð verður áætlun um umbætur að lokinni úrvinnslu. Matsáætlun hefur verið gerð og nær hún til fjögurra ára í senn. Matskýrslu er skilað inn einu sinni á ári sem nær til allra þátta skólastarfsins. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður leggja fyrir ánægjukönnun einu sinni á ári og eru niðurstöður kynntar í starfsmannahópnum. Brunakerfi og húsnæði skólans er tekið út árlega af slökkviliðsstjóra og þjónustuaðila brunakerfis. Leikskólalóð og húsnæði er árlega tekið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands og BMI.
- *Endurmenntun.* Til að styrkja kennara og annað starfsfólk í starfi sínu var boðið upp á fræðslu er varðar innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár s.s



jafnréttisfræðslu. Lögð var áhersla á fræðslu innanhúss með það að markmiði að efla þekkingu, samþætta áherslur leikskólans og kennsluhætti auk þess sem að leggja áherslu á markvissa innleiðingu Aðalnámskrár og sýn starfsfólks á leikskólastarfið. Þrír kennarar fóru á Numicon námskeið ágúst 2014. Einnig fóru kennarar á Pecs, EFI, og Pras námskeið. Tveir kennarar munu fara á Art námskeið í október 2014. Þrír starfsmenn eru í framhaldsnámi á sviði uppeldis og menntunnar og einn í stuðningsfulltrúanámi. Janframt hafa stjórnendur verið í stjórnendaskóla Dalvíkurbyggðar. Umsjónarmenn Uppbyggingarstefnunnar í Krílakoti ætla að vera með stöðuga endurmenntun á uppeldi til ábyrgðar á starfsmannafundum á þessu skólaári.

- *Uppbyggingarstefnan.*

Unnið var markvisst að því að því að þjálfar fólk í að einblína á einstaklinginn og þarfir hans hvort sem er um er að ræða börn, foreldra eða samstarfsfólk. Allt starfsfólk fór í gegnum þarfagreiningu til að skoða stöðu sína og annarra til þarfanna. Auk þess var lögð áhersla á að vanda málfar, tala með lágri



röddu og sleppa fimm leiðunum sem ekki þykja ákjósanlegur kostur í uppeldi þ.e. að tuða, skamma, ásaka, sýna uppgjöf eða afsakanir.

- *Heimasíðan.* Búið er að sameina heimasíður Kátakots og Krílakot og verður haldið áfram uppbyggingu heimasíðunnar, hún lagfærð og gerð einföld og skilvirk. Einnig verða gögn þýdd á ensku og pólsku.

Upplýsingaflæði

- *Heimasíða Krílakots,* www.dalvik.is/krilakot er fréttaveita leikskólans og þýðingarmikið samskiptatæki. Markmiðið er að gera starfið sýnilegra á síðunni, koma reglulega með fréttir og myndir af starfinu og um leið að glæða hana lífi, það má alltaf gera betur. Síðan hefur verið einfölduð svo hún verði aðgengilegri fyrir foreldra auk þess að koma upplýsingum á pólsku og ensku inn á síðuna til að efla upplýsingaflæði til foreldra af erlendum uppruna.
- *Mentor.* Ákveðið hefur verið að hætta að nota Mentor og færa okkur yfir til Námfús. Það er ekki tilbúið fyrir Krílakot og Kátakot en verður vonandi komið í notkun nú á haustdögum 2015.
- *Netföng.* Allir starfsmenn skólans hafa nú netfang til að auðvelda upplýsingagjöf og –flæði milli starfsmanna og þá sérstaklega milli foreldra og starfsmanna. Markmið að efla alla kennara í notkun tölvupósts og að fylgjast með fréttum.
- *Stjórnarfundir.* Einu sinni í viku eru stjórnarfundir þar sem leikskólastjóri og

deildarstjórar fara yfir vikuna og hvað er framundan.

- *Dagbækur.* Allar deildir, leikskólastjóri og eldhús halda dagbók.
- *Upplýsingaflæði.* Skóladagatal, matseðlar og námsáætlanir eru hengdar upp í fataherbergjum skólans svo foreldrar hafi greiðan aðgang. Einnig eru þessar upplýsingar á vef skólans en nú munu þær verða gerðar aðgengilegri.
- *Fundargerðir* eru skráðar á stjórnarfundum og teymisfundum, þær prentaðar út og allir starfsmann hafa greiðan aðgang að þeim. Fundargerðir á starfsmannafundum eru einnig skráðar og þeim haldið til haga.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- *Söguskjóður.* Það er vilji þeirra sem staðið hafa að verkefninu að halda áfram og keyra verkefnið annað hvert ár. Áður hefur þetta að mestu verið fjármagnað af styrkjum en til að verkefnið geti lifað þá þarf aukið fjármagn og kostar hvert rennsli um 500.000.
- *Þroskalýsing.* Þroskalýsingarlistar eru tilbúnir og markmið að setja þá inn Námfús svo foreldrar hafi greiðari aðgengi að þeim.
- *Barnakerra.* Mikilvægt að skólinn eignist tvær kerrur sem rúma 5 börn hvor til að geta farið í gönguferðir um nágrennið. Það væri okkur mjög svo gagnlegt að geta fjárfest í einni í upphafi árs 2015. Kostnaður gæti verið um 250.000.
- *Framkvæmdir.* Viðbygging. Grafa fyrir grunni og hefja byggingu.
- *Samstarf við Tónlistarskólann.* Vilji er til samstarfs og það er verið að leita leiða. Spurning hvort skoða þurfi kostnað.
- *Eldhús.* Markmið að gera búnaðarlista fyrir nýtt eldhús, að hann verði tilbúinn á vordögum 2015.
- *Útifatnaður.* Þörf að endurnýja útifatnað starfsfólks fyrir starfsfólk Kátakots.
- *Búnaður.* Endurnýja þarf stóla og borð fyrir börnin auk þess að fjölga rúllustólum fyrir kennara. Bókasafnskassar og tveir sófar sem hægt er að leggja út. Búnaðarlisti fyrir nýbyggingu verður unnin á komandi skólaári og áætlað að hann verði tilbúinn á vordögum 2015.
- *Leikskólalóð.* Merki til upplýsinga um hönnuð leikskólalóðar og hugmyndafræði.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014*
Nemendafjöldi	32/62	46/63	41/61	47/61	50/53	45/55
Barngildi leikskólabarna					50/77,5	37/69
Dvalargildi leikskólabarna	396	402	456	442	374/412	337/410
Starfsmannafjöldi	7/17	10/17	10/20	11/19	11/19	10/18
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4 m/5 á	8,4 m/5,6 á	7,2 m/5,5 á	7,8 m/5,5 á	1,7 á/5,35 á	6,9/5,7
Heildarfjöldi stöðugilda	5,8/12,67	8,4/13,4	7,6/14,5	8,6/14,4	8,45/13,53	8,5/13,76
Fjöldi stjórnenda	2/4	2/4	2/4	3/4	3/4	2/4
Hlutfall stöðugilda kennara	25/45%**	10/40%**	40/35%**	60/32%**	38/40%	52/55%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga						0/0%
Fjöldi annarra stöðugilda					5,05/8,63	4,17/5,2
Heildarstærð húsnæðis	259/411 fm	259/411 fm	259/411 fm	369/411fm	369/411fm	369/411
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	3/6	3/4	3/4	2/4	2/3	3/2
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	0/0	1/0	1/0	1/0	1/0	1/0
Fjöldi spjaldtölva						3/3
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	5,8/16,4	9,2/13,6	10,3/13,25	18,54/9	7,2/5,2	6,3/6,5%
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	12/37	21/24,5	25/24	22,37/30	22/21	10/30
Heildarfjöldi launalausra frídaga	1/27,6	33/33,5	39/49,5	19,23/55,9	22/33	9/7,5%
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk var fjarverandi	1	33/61,5	39/45	19,23/71,21	16/46	17/16
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun					71/72%	72/63% ***
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann		79%	100%	80/100%	94/98%	94/100% ***
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott		67/78%	71/86%	76/88%	72/85%	77/88% ***
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun					91/90%	77/85%***
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni			100/66%	100/88%	97/94%	71/100% ***
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	0/100%	0/100%	100/95%	100/100%	82/100%	100/100% ***
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott		29	36	59	51/97%	28,57/100%***
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	9/0%	9/0%	9/0%	9/0%	9/5%	10/5%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	13,3%	14,5%	25,4%	24,8%	22/28%	24/28%
Kynjahlutfall nemenda					52/41,5% kvk	50/52%
Kynjahlutfall starfsfólks	100/100% kvk	100/100% kvk	100/100% kvk	100/100% kvk	100/100% kvk	90/100 kvk
Frávik í fjárhagsáætlun	97,4/96,6	100,6%	97,23/97,4	100,8%	1005,33%	105,0/101,0%

* m.v. 1. sept 2014

**hlutfall leikskólakennara

*** í apríl 2014

rautt – krílakot

blátt – kátakot

Árskógar skóli

Leiðarljós

Hornsteinar skólans eru myndaðir úr staðarheitinu ÁRSKÓGUR námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Árskógar skóli er athvarf barna, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli með börn á leik- og grunnskólaaldri sem upplifa sig sem hóp þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum í leik og starfi.

Hlutverk

Árskógar skóli er fyrir börn frá 9 mánaða til 12 ára aldurs eða við lok 7. bekkjar grunnskóla. Árskógar skóli starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 og vinnur eftir *Aðalnámskrám leik- og grunnskóla frá 2011* og *Skólastefnu Dalvíkurbyggðar*. Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið hvern dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.

Helstu verkefni 2015

- Kynna skólann og sérstöðu hans út á við.
- Lokahnykkur innleiðingar Aðalnámskrár leik- og grunnskóla með áherslu á grunnþáttinn *heilbrigði og velferð*.
- Gerð árganganámskrá leik- og grunnskólastigs.
- Áframhaldandi innleiðing Uppbyggingarstefnunnar með áherslu á bekkjar-/hópfundi á báðum stigum.
- Skipuleggja umhverfi skólans með áherslu á útikennslu.
- Efla samvinnu skólastiganna og móta jákvæðan skólabrag, áhersla lögð á þróun kennsluhátta á mótum skólastiganna.
- Samkennsla skólastiga elsta árgangs leikskólastigs og 1. bekk með áherslu á stærðfræði og leik / læsi og leik.
- Þátttaka í verkefninu *Byrgjum brunninn-árangursríkt nám í upphafi grunnskóla* með Dalvíkurskóla.
- Efla tengsl við nærsamfélag t.d. samstarf við eldri borgara og atvinnulíf.
- Auka kennslu og tækifæri til náms með spjaldtölvum og nýta þær meira á báðum skólastigum.



- Útfærsla á merki (lógó) skólans verður lokið og það gert sýnilegt á viðeigandi stöðum.
- Starfsfólk skólans mun sækja sameiginlega ráðstefnu skólastiganna um skólamál sem Símeý stendur að.

Yfirlit yfir 2014

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram.
- Grænfána flaggað öðru sinni í maí.
- Unnið áfram með *Uppbyggingarstefnuna*.
- Jafnréttisáætlun kláruð í júní.
- Innleiðing Aðalnámskrár samkvæmt innleiðingaráætlun.
- Samkeppni um merki skólans, drög unnin að merki.
- Skólaþing voru haldin í tvígang en þar er verið að leitast eftir að heyra raddir nemenda. Þema fyrra þingsins var jafnrétti og þess seinna lýðræði og mannréttindi.
- Danskennsla að vetri í boði foreldrafélagsins.
- Námfús innleiddur í ágúst og Mentor tekinn úr notkun.
- Vettvangsferðir kennara í aðra skóla.
- Fræðsla um skil skólastiga (námskeið í að brúa bilið).
- Skólastjóri með grein í Uppeldi og menntun um mót skólastiganna.
- Eineltissáttmáli gerður og undirritaður innan skólans.
- Grænmetisgarður útbúinn og settar niður kartöflur og grænmeti. Garðurinn unninn af foreldri barna í skólanum og garðyrkjustjóra með hjálp barnanna og starfsfólks.
- Sjálfsmatsskýrsla unnin í júní.
- Proskapjálfi ráðinn og á móti starf stuðningsfulltrúa lagt niður.
- Ferð skólastjóra ásamt öðrum skólastjórnendum og starfsfólki á fræðslusviði til Kanada á ráðstefnu um fjölmennningarlega menntun.
- Elstu nemendur skólans tóku þátt í samræmdri nemendakönnun í samstarfi við Dalvíkurskóla.
- Skólastjóri sat í vinnuhóp um gerð nýrrar skólastefnu og fundaði með starfsfólki í tengslum við þá vinnu.
- Byrjað var að bjóða upp á hafragraut á morgnana fyrir börn grunnskóla. Sá leikskólakennari sem opnar eldar grautinn (eldar aðeins meira en fyrir leikskólabörnin), skólaliði tekur við grautnum og nemendur ganga sjálfir frá eftir sig. Þetta fer vel af stað en um helmingur grunnskólabarnanna nýtir sér þetta (10-4).
- Skólinn málaður að utan og aðgengi fyrir fatlaða bætt að norðanverðu.



Innra starf

- Uppbygging starfs þroskajálfa fyrir bæði skólastig.

- Unnið með *Leikskóla- og Byrjendalæsi*.
- Þróun lotukennslu (þema) í samfélags- og náttúrugreinum.
- Þróun samkennslu í stærðfræði í 1.-7. bekk.
- *Uppbyggingarstefnan* innleidd áfram með áherslu á mótun jákvæðra og uppbyggjandi samskipta í hópum.
- Ný markmið sett í umhverfismálum.
- Starfsmannafundir að jafnaði einu sinni í mánuði. Deildarfundir leikskólastigs haldnir reglulega. Kennarafundir grunnskólastigs hvern þriðjudag kl. 14:00-16:00. Skólastjóri fundar reglulega með skólaliðum.
- Allt starfsfólk fer í starfsþróunarviðtal í byrjun árs. Skólastjóri tekur viðtölin.
- Endurmenntun starfsfólks, námskeið ofl. haldin reglulega.
- Efla samvinnu kennara þvert á skólastig með föstum vinnustundum og hópavinnu nemenda á mörkum skólastiganna.
- Nemendaverndarráð sem einnig er eineltisteymi er starfandi við skólann og fundar eftir þörfum.
- Skóla- og foreldraráð þvert á skólastig er starfandi við skólann og fundar a.m.k. þrisvar hvern vetur.
- Foreldrafélag kemur að starfi skólans t.d. með því að bjóða upp á danskennslu og margt fleira.



Upplýsingaflæði

- Skólastjórnendur gefa út fréttabréf og viðburðadagatal í hverjum mánuði þar sem fréttir úr skólanum er að finna og fjallað um helstu viðburði sem eru framundan. Fréttabréfið er birt á heimasíðu skólans.
- Skólastjóri sendir starfsfólki vikupóst í hverri viku þar sem kemur fram hvað sé framundan í skólastarfinu, hverjir eru í fríi ofl.
- Upplýsingakerfið *Námfús* er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms, þroska og líðan barna sinna. Í *Námfúsi* eru m.a. skráðar upplýsingar um netföng og síma, upplýsingar um t.d. ofnæmi og sjúkdóma, fundir sem eru haldnir um málefni barna og margt fleira sem gerir upplýsingaflæði og öflun skilvirkt ferli.

- Skólinn kappkostar að umsjónarkennarar, hópstjórar og stjórnendur sendi reglulega upplýsingar og fréttir á rafrænu formi af starfinu til foreldra.
- Heimasíða Árskógarskóla er virk og efni aðgengilegt og uppfært reglulega. Þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólafélagið m.a. skólanámskrá og starfsáætlun.
- Fundargerðir eru skráðar rafrænt og geymdar á samgögnum þar sem starfsfólk kemst í þær. Viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarmál eru geymd á læstu svæði.
- Fundir haldnir með foreldrum til að kynna og ræða skólafélagið og þeim boðið sérstaklega á opið hús til að sýna afrakstur nemenda.
- Upplýsingatafla í forstofu er notuð fyrir foreldra leikskólabarna um starfið hvern dag.
- Skólinn er með regluleg foreldraviðtöl sem eru mikilvægur þáttur í öllu upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Á leikskólastigi eru tvenn viðtöl yfir veturinn en þrenn á grunnskólastigi.
- Matsmöppur nemenda fara heim þrisvar yfir skólaárið þar sem foreldrar og barn geta sest niður og farið yfir námið.
- Vikulegir fundir stjórnenda þar sem farið er yfir vikuna/mánuðinn.



Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Setja rennibraut í hólinn á leiksvæði sunnan skóla, koma þar upp skýli fyrir nemendur og geymsluskúr fyrir leikföng og útikennslugögn.
- Skipuleggja útisvæði austan skóla með áherslu á útikennslu. Til dæmis að koma upp eldunaraðstöðu í rjóðri eða í indíánatjaldi.
- Koma okkur upp fleiri útikennslunámsgögnum.
- Endurnýja borð og stóla í listasmiðju og koma þar upp tilheyrandi hirslum fyrir pappír og önnur gögn.
- Endurnýja húsgögn í textílstofu í félagsheimili.
- Setja dyr/hurð við stiga á efri hæð í stað hliðs.
- Endurnýja kennaraborð og stóla.
- Mála skólann að innan.
- Lagfæra í kringum skólann, hellur, tréverk ofl.
- Skilti um skólann (uppfæra og skipta).
- Bæta við þráðlausum netpunktum (wi fi).
- Stefnt er á að matur skólans verði eldaður á staðnum.

Lykiltölur

	2012**	2013	2014*
Nemendafjöldi		38	39
Börn á leikskólaaldri		15	14
Börn á grunnskólaaldri		23	25
Barngildi leikskólabarna		16,8	17
Dvalargildi leikskólabarna		100,25	99,5
Á virkum biðlista um leikskólapláss		0	0
Starfsmannafjöldi		14	14
Meðalstarfsaldur á starfsstað		1	1,8
Heildarfjöldi stöðugilda		9,5	9,5
Fjöldi stjórnenda		2	2
Hlutfall stöðugilda kennara		69,50%	68%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga		0	0,4
Fjöldi annarra stöðugilda		2,9	2,5
Heildarstærð húsnæðis		652,4	652,4
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk		6	6
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur		12	12
Fjöldi spjaldtölva	2	2	14
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	3,5	2,7	4,6 ****
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	7	18	29,5
Heildarfjöldi launalausra frídaga	3	10	32
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	25	45	30
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	100%	100%	100%***
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun		90%	100%***
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann		100%	100%***
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott		83%	97%***
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun		71%	50%***
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni		100%	100%***
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	100%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott		100%*	85% (allir nema 1) ***
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna		0	0
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna		2%	2,5%
Kynjahlutfall nemenda		51%kvk	54% kk
Kynjahlutfall starfsfólks		85,70%kvk	85,70%kvk
Frávik í fjárhagsáætlun	84,5% undir	2 % yfir	

* m.v. 1. sept 2014

**1.8.-31.12 (nýr skóli tók til starfa)

***i apríl 2014

**** Langtímaveikindi eru ekki inni í þessari tölu

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Tónlistarskólinn skal vera ein af menningarstoðum samfélagsins og taka virkan þátt í menningarlífinu. Nemendur Tónlistarskólans skulu vera sýnilegir á hinum ýmsu samkomum byggðarlagsins og þannig efla stöðu tónlistar í samfélaginu.

Æskilegt er að nemendur jafnt sem kennarar fái tækifæri til að stunda list sína og samfélagið njóti þess.

Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna kemur fram að tónlistarskóli skuli vera opinn öllum og sinna almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf því að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Ekki síst er mikilvægt það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Helstu verkefni 2015

- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélagsins með aðkomu að viðburðum skólanna, þátttöku í daglegum störfum o.s.frv.
- Nemendur með sérþarfir fá í samstarfi við Dalvíkurskóla, leiðsögn í tónlist og hreyfingu með einstaklingskennslu og í litlum hópum.
- Haustfundur kennara verður haldin 18. september 2014 í Hofi.
- Nýjar kennslugreinar verða í boði fyrir nemendur unglingsstigs Dalvíkurskóla, hljóð og upptökukennsla og hljómsveitarbúðir, sem unnin er í samvinnu við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar.
- Samstarf við leikskóla heldur áfram með heimsóknum starfsmanna Tónlistarskólans sem verða með kynningar á hljóðfærum með heimsóknum nemenda í Tónlistarskólann.
- Leitað verður leiða til þess að auka en frekar samstarf við Dalbæ.
- Öllum nemendum skólans verður boðið upp á tónfræði haustið 2014 og mun Daniele Basini sjá um hana, einnig verður í boði tónfræðikennsla í fjarkennslu í samstarfi við aðra tónlistarskóla.
- Unnið verður áfram að innleiðingu *Grænfánans*.
- Unnið verður að því að aðlaga *Uppbyggingarstefnuna* að skólastarfinu og mun skólinn taka þátt í námskeiði haustið 2015.
- Endurskoðun mats á árangri nemenda verður aukin með tilkomu rafrænnar dagbókar með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil og hljómsveitarstarf innan skólans.
- Unnið verði að gera markmiðasamning við nemendur og að flestir nemendur taki stigspróf eða nemendapróf.

- Þemavika verður á hverju ári (febrúar) og er skólinn í samstarfi við listhús Fjallabyggðar um námskeiðahald tónlistarmanna sem heimsækja listhúsið. Listamenn frá Egyptalandi verða með námskeið bæði fyrir kennara og nemendur.
- Innleiðing nýrrar skólastefnu.
- Leitað verður leiða til að efla kóra skólans.
- Leitað verður leiða til að ýta undir að börn með annað móðurmál en íslensku sækji skólann í frekara mæli.



Yfirlit yfir 2014

- Tónlistarskólinn tók þátt í *Barnameningarhátíð* á Dalvík.
- Kór Tónlistarskólans tók þátt jólatónleikunum *Jólin allstaðar* þar sem fram komu margir frægir tónlistarmenn.
- Haustfundur kennara var að venju og sóttu allir kennarar fundinn.
- Venjubundnir jóla- og vortónleikar eru ætíð á sínum stað. Auk þess var farið víða og spilað, svo sem á Dalbæ, Ólafsfirði, Akureyri og Grenivík.
- Nemendur Tónlistarskólans tóku þátt í *Jólakettinum* þar sem fram komu 65 tónlistarmenn úr heimabyggð.
- Opið hús í Bergi þar sem nemendur spiluðu fyrir gesti og gangandi, áætlaður fjöldi gesta var 160 manns.
- Árleg viðhorfskönnun foreldra og kennara var lögð fyrir og var niðurstaða hennar verulega ánægjuleg fyrir Tónlistarskólann.
- Nemendur skólans tóku að þátt að nýju í Nótunni og stóðu sig frábærlega vel og komst einn nemenda skólans alla leið í Eldborgarsal Hörpu.
- Tónlistarskólinn tók þátt í *Degi íslenskrar tungu* og fjöldamörgum öðrum viðburðum grunnskólanna.
- Kennarar fóru á námskeið um hjálp í viðlögum og sóttu námskeið í hljóð og upptökfræðum.
- Árið 2013 luku sex nemendur áfangaprófi, einn fiðluprófi, fjórir pínaóprófi og einn þverflautuprófi.

- Nemendur Tónlistarskólans tóku þátt í *Fiskideginum mikla* með söng og hljóðfæraslætti.
- Í lok árs 2013 sagði fráfarandi skólastjóri af störfum og núverandi skólastjóri tók við frá 1. janúar. Jafnframt var deildarstjóri ráðinn til starfa og samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar hófst.
- Kennarar fóru á námskeið 30. maí í hljóð og upptökufræðum.
- Skólastjóri sat í vinnuhóp um gerð nýrrar skólastefnu.
- Haldið verður upp á 50 ára afmæli tónlistarskólans að hausti 2014.



Innra starf

- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Áfram verður haldið í að leita leiða til þess að auka samstarf á milli kennara Tónlistarskóla Dalvíkur og Fjallabyggðar og samstarfi nemenda og hljóðfærahópa enn frekar.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans.
- Unnið verður að aðlögun *Uppbyggingarstefnunnar* að Tónlistarskólanum.
- Innleiðing *Grænfánans* heldur áfram og er tónskólinn með fulltrúa í Dalvíkurskóla sem funda reglulega um *Grænfánann*.
- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem í Tónlistarskólanum ríkir.
- Haldið verður formlega utan um símenntun kennara með skráningareyðublöðum.
- Til stendur að efla notkun dagbókar þannig að kennari mun merkja inn fyrir nemanda eftir hvern tíma.

Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess, einnig eru margir foreldrar sem nota tölvupóst og síma.
- Tónlistarskólinn er með heimasíðu og fésbókarsíðu til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins þar birtast helstu fréttir og upplýsingar er varða starfið.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar.
- Komið er að talsverðu viðhaldi í skólahúsnæðinu og er óskað eftir að eignasjóður taki húsnæðið út og leggja fram áætlun um nokkra ára viðhald en afar lítið viðhald hefur verið við skólann síðustu ár.

Lykiltölur

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014**
Starfsmannafjöldi	11	12	11	10	9	10	9
Meðalstarfsaldur á starfsstað	6,9	3,9	3,5	3,8	5,0	5,8	5,2
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	7,15	7,1	7,3	7,3	6,84	5,17	6,08
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	6,7	3,5	3,5	3,5	3,5	3,1	5,0
Fjöldi nemenda	107	120	111(+186*)	100+72*	95+70*	95-200*	110+ 65
Fjöldi nemenda eftir kyni						kvk.	Kvk. 53%
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa	2	2	2	5	5	6	7
Heildarstærð húsnæðis	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	351 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	4	4	5	7	7	7	7
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	4	4	5	4	4	3	2
Heildarfjöldi launalausra frídaga	2	1,5	1,5	0	0	0	0
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsmenn eru fjarverandi (annarra en veikindadaga, og sumarleyfisdaga)	0	0	0	0	0	0	0
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið eða aðra formlega símenntun	40	24	60	60	30	50	40
Meðalfjöldi klst á kennara sem nýttir voru í símenntun utan vinnutímaramma	0	0	2	2	2	540	6
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með skólann			95%	100%	100%	97%	95,5%***
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	0%	0%	40%	0	100%	100%
Stig grænnar greinar			0	0	0	1	1
Gild skólanámskrá			nei	já	Já	Já	Já
Gerð sjálfsmatsskýrslu	nei	nei	nei	Nei	Nei	Já	Já
Frávik frá fjárhagsáætlun	4,90%	-1%				3,8%	0
Fjöldi sótttra styrkja	1	1	1	1	2	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á		20	25	25	25	35	33
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal			60-70%	60%	100%	80%	75%

*nemendur forskóla, leikskóla og kórs

**m.v. 1. sept 2014

*** kannanir í apríl 2013

Byggðasafnið Hvoll

Leiðarljós

Söfnun - skráning - varðveisla - rannsóknir - miðlun

Safnið varðveitir og rannsakar menningararf byggðalagsins og kynnir fyrir gestum safnsins, sögu og menningarverðmæti sveitarfélagsins.

Hlutverk

Byggðasafnið sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til byggðasafna samkvæmt safnalögum nr. 10/2011 og siðareglum safna sem ICOM, alþjóðaráð safna gefur út. Einnig er unnið samkvæmt *Menningarstefnu Dalvíkurbyggðar* sem var samþykkt 8. maí 2007 en endurskoðuð í mars 2011 svo og söfnunarstefnu safnsins sem var samþykkt árið 2009. Jafnframt skal safnið framfylgja stofnskrá sinni. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann.



Helstu verkefni 2015

- Forvarsla á textílum safnsins unnin fyrir sunnan.
- Umsóknir í sjóði til að efla m.a fuglasýningu safnsins.
- Taka á leigu farandsýningu til að hafa á fyrstu hæð safnsins sumarið 2015 frá Þjóðminjasafni Íslands.
- Húsakönnun sett í heilu lagi á heimasíðu safnsins og sýning sett upp í Byggðasafni vetur 2015/2016.
- Sýningin *Norðrið í Norðrinu* sett upp í Þjóðminjasafni Íslands haustið 2015.
- Haldið áfram samvinnu við sem flestar stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar.
- Rituð saga Byggðasafnsins á Dalvík ef til þess fæst styrkur.
- Steinasafn Byggðasafnsins fer upp á fyrstu hæð safnsins vorið 2015.
- Ef styrkur fæst í verkefnið þá mun safnið í samvinnu við sagnfræðinginn

Margréti Guðmundsdóttur gera þátt um 12 konur Dalvíkurbyggðar. Fær hver kona sinn mánuð og verður þá sett upp lítil sýning um hana í glerkössum safnsins í Bergi. Verkefnið hefst á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 19. Júní 2015 og stendur í eitt ár. Sótt verður um nokkra styrki í þetta verkefni. Sumarið 2016 verður sýning á öllum 12 konunum á fyrstu hæð Byggðasafnsins.

- Áframhaldandi skráning í Sarp, gagnagrunn safna á Íslandi.
- Ferðaskrifstofur í Reykjavík sóttar heim og reynt að ná fram samningum um heimsóknir smærri hópa á safnið.
- Unnið að markaðssetningu safnsins í Reykjavík, svo sem að auglýsa á samfélagsmiðlum, facebook, twitter, trip advisor.
- Heimasiða safnsins betrubætt og reynt að fá hluta hennar þýddan yfir á ensku.
- Selja litlu Kverin og bækur í eigu safnsins.



Yfirlit yfir 2014

- Ljósmyndun og skráning gripa í gagnagrunninn Sarp.
- Tiltekt í geymslum.
- Húsakönnun lokið þ.e.a.s þau hús sem byggð eru fyrir 1960.
- Sýningin *Norðrið í Norðrinu* sett upp í glænýju Norður Atlantshafshúsi í Óðinsvéum, mars, apríl og maí 2014.
- Einnig var sýningin sett upp í Tasiilaq á Grænlandi í ágúst, september og október 2014.
- Fuglar í Ráðhúsi teknir niður og sett upp glæný sjófuglasýning í Byggðasafni. Styrkur fenginn í gerð þeirrar sýningar.
- Farandsýningin *Til gagns og til fegurðar* eftir Æsu Sigurjónsdóttur sett upp í Byggðasafninu sumarið 2014.
- Sýning á munum safnsins í menningarhúsinu Bergi.
- Samvinna Byggðasafns og Bókasafns Dalvíkur varðandi Jarðskjálftann 1934, flutt voru erindi, prentuð kort og sett upp sýningartjald í minningu skjálftans.

- Safnstjóri flutti ólík erindi varðandi safnið í Menntaskólanum á Tröllaskaga, á Farskóla íslenskra safnmanna, í Reykjavík og á vörfundum safnmanna á Þjóðminjasafni Íslands.
- Sýningin *Myndlist og minjar MM* haustið 2014 í Listasafni Akureyrar. Safnstjóri Byggðasafnsins er sýningarstjóri þeirrar sýningar í samvinnu við Listasafnið á Akureyri og ellefu myndlistarmenn.
- Stefnumótun safnanna við Eyjafjörð og samvinna þeirra á milli.
- Farskóli íslenskra safnmanna í Berlín haust 2014. Farskólinn er haldinn árlega og að þessu sinni tóku 100 safnmenn þátt í þéttri dagskrá í Berlín.
- Nýtt efni og sjónvarp sett upp í Jóhannsstofu.
- Haldið áfram samvinnu við sem flestar stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar.
- Sett upp nýtt skilti.
- Móttaka skólahópa haldið áfram.
- Lokið við að lagfæra skjólvegg.
- Sótt um til Safnaráðs og Alþingis að safnið fengi viðurkenningu sem það og fékk. En í nýjum safnalögum þurfa öll söfn að sækja um viðurkenningu til Safnaráðs og ráðherra. Til þess að safn geti talist viðurkennt þá þarf það að uppfylla marga þætti og skilyrði smk, 10. gr safnalaga. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um styrk úr safnasjóði.
- Tekið á móti hópum m.a æðstu mönnum sjálfstjórnaríkja Norðurlanda ásamt forsætisráðherra Íslands og þeirra friða föruneysi.
- Samið var um nýja vinnutilhögun við safnstjóra Byggðasafnsins. 1. nóv – til 1. maí 2015 verður safnstjóri í 20% vinnu í Reykjavík. Safnstjóri kemur þó eina viku til vinnu fyrir norðan á þessu tímabili. Frá 1. maí 2015 – 1. nóv 2015 er safnstjóri í 80% vinnuhlutfalli auk 4 vikna sumarfríi. Góð reynsla hlaust af svipuðu vinnuhlutfalli síðastliðið ár.
- Þess ber að geta að á árinu hafa um 3000 gestir heimsótt safnið héraendis, 2000 komu á sýninguna *Norðrið í Norðinu* í Óðinsvéum, um 500 í Tasiilaq og reiknað er með að um 2000 manns skoði sýningu safnsins á Listasafni Akureyrar í haustið 2014.



Innra starf

- Til að auka þekkingu ráðamanna Dalvíkurbyggðar verður safnastarf kynnt nýrri sveitarstjórn og nýju menningarráði í ágúst 2014.
- Áætlað er að starfsmenn sækji námskeið tengdu safnastarfi og starfsmenn í yfir 50% hlutfalli sækji farskóla safnmanna.
- Haldið áfram að leita leiða að markaðssetja Byggðasafnið.

- Haldið áfram að leita styrkja og sækja um fjármagn til að geta ráðist í ný kostnaðarsöm verkefni.
- Átakssvinna í bættri textagerð á sýningum safnsins og stöðugt endurmat á sýningum hússins.
- Tiltekt í geymslum safnsins.
- Saga Byggðasafnsins skoðuð.

Upplýsingaflæði

- Miðlun á sér stað í formi sýninga, útgáfu rita, safnafræðslu, vefmiðlunar og annars kynningarstarfs.
- Safnið gefur út kynningarbækling um Byggðasafnið sem fer víða.
- Safnið setur upp sýningar utan sinna húsakynna og erlendis.
- Sendar hafa verið auglýsingar í öll hús byggðalagsins.
- Safnið tekur þátt í sameiginlegu átaki safna á landinu um sameiginlegar auglýsingar vikulega í ríkisútvarpi landsmanna.
- Eyfirski safnaklasinn var með sameiginlega sýningu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri sumarið 2012, 2013 og 2014.
- Heimasiða safnsins betrubætt og samfélagsmiðlar nýttir.
- Auglýst var í *Íslensku safnabókinni*, tímaritinu *Í boði náttúrunnar* og á fleiri stöðum.
- Reynt að komast í samstarf við minni ferðaþjónustur um að koma á safnið t.d í samhengi með hvalaskoðun.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Árlega verður reynt að fá sýningar annars staðar frá eða útbúar nýjar á fyrstu hæð hússins.
- Haldið verður áfram með sýninguna *Norðrið í Norðrinu* ef styrkir fást í verkefnið.
- Reynt verður að komast í samstarf við nýja aðila, smærri ferðaþjónustuaðila.
- Textar á sjófuglasýningu bættir þar til að skrifað verður um alla fuglana og textinn þýddur á ensku og mögulega fleiri tungumál.
- Bæta skal aðgengi fatlaðra á annarri hæð hússins.
- Rannsóknir á gripum safnsins sem endar á sýningu innan 5 ára.
- Byggðasaga safnsins skrifuð.
- Hugað að stækkun sýninga og geymslurýma.



- Áfram skal haldið með gott samstarf við söfnin á Eyjafirði og stofnanir Dalvíkurbyggðar og reynt að koma á samnýtingu á einstaka starfsmönnum, svo sem farandsafnkennara og sameiginlegum aðila sem sinnir kynningarmálum.
- Safnstjóri vinnur 20% frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert í Reykjavík og mun þar sinna almennum störfum safnsins, efla tengls, vinna að samvinnu ýmissa aðila, undirbúa sumarstarf safnsins. Helgarstarfsmaður sinnir opnun á laugardögum. Frá 1. maí til 1. nóv ár hvert vinnur safnstjóri 80 % vinnuhlutfall, auk þess kemur inn sumarstarfsmaður og skráningaraðili sem sér um að skrá í í Sarp í 30% hlutfalli.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014*
Starfsmannafjöldi	3	3	4	4	4	4
Stöðugildi	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4	5	6	6	7	7
Heildarstærð húsnæðis fm	280,1	300,1	300,1	300,1	300,1	300,1
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	0	2	2	2	2	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	7,5	0	4,25	4,5	12,5	1
Hlutfall starfsmanna sem fóru í starfsþróunarsamtal	0%	50%	50%	50%	50%	50%
Frávik frá fjárhagsáætlun						
Fjöldi umsókna um styrki	3	2	3	8	3	3
Fjöldi fenginna styrkja	2	1	2	2	8	3
Fjöldi heimsókna á safnið	4.533	3.229	3.671	3.800	3.800	3.000
Fjöldi opnunardaga á safni	130	130	130	130	130	130
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	49	150	30	30	20	20
Fjöldi skráðra bóka/muna	2900	3150	4834	5000	5000	5000
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	10	8	10	10	5	5
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	3	3	3	3	3	6
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	1	1	10	3	2	3
Fjöldi skráðra húsa í húsakönnun	0	10	30	60	80	lokið

*m.v.1. sept.

Bókasafn Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum.

Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu.

(Úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn, 1994)

Hlutverk

Hlutverk bókasafnsins innan sveitarfélagsins er að veita aðgang að þekkingu, afþreyingu og upplýsingum. Íbúar Dalvíkurbyggðar og gestir sveitarfélagsins eiga að geta treyst því að starfsfólk safnsins leitist við að gera þeim dvöl á safninu að jákvæðri og örvasandi upplifun.



Helstu verkefni 2015

Verkefni bókasafnsins eru auk hefðbundinna útlána gagna og miðlun upplýsinga ýmis konar menningarmiðlun. Árið 2015 verður áfram staðið fyrir sögustundum fyrir börn á fimmtudögum, hádegisfyrirlestrar verða fyrsta fimmtudag í mánuði á tímabilinu október – maí, besta barnabókin verður valin í september, sumarlestur barna fer fram í júní-ágúst. Aðstoð við þá sem vilja læra betur á tölvur er í boði á bókasafninu. Í samvinnu við skólafnanir verða skipulagðar heimsóknir og væntanlega verður upplýsingamiðstöð ferðamála rekin í samvinnu við bókasafnið

sumarið 2015 auk þess sem starfsfólk safnsins sinnir þeirri þjónustu allt árið. Rithöfundakynningar og kynningar á nýju og/eða forvitnilegu safnefni verða eftir því sem við verður komið og stefnt er að því að nýta sýningarskáp safnsins þannig að ný sýning verði sett upp mánaðarlega yfir veturinn. Sérstök sumarsýning er í gangi frá júní – sept.

Ný verkefni sem stefnt er að á árinu eru:

- Bókin heim – skipulögð þjónusta í samstarfi við sjálfbóðaliða.
- Lestraráttak í samvinnu við Dalvíkurskóla og Árskógarskóla.
- Kynningarátak vegna jaðarbyggða – Bréf og samtöl við íbúa á Árskógsströnd og í Svarfaðardal.
- Upplýsingaskjár settur upp í afgangi.
- Þróunakaffi í samstarfi við Þula-café.
- Millisafnalán fyrir íbúa með annað móðurmál en íslensku og pólsku kynnt sérstaklega.
- Spjallhópar Íslendinga/útlendinga – tilraunarverkefni á laugardögum í samstarfi við Þula - café.



Yfirlit yfir 2014

- Frá áramótum 2013/2014 urðu þær breytingar að árgjöld voru felld niður og það kynnt sérstaklega fyrir íbúum. Lánþegum fjölgaði talsvert vegna þessa eða um 80 frá 1. janúar til 1. júlí 2014.
- Tekin voru upp ný plastkort og áhersla lögð á að kenna lánþegum að endurnýja lán sjálfir á netinu.
- Öllum nemendum 10. bekkjar var afhent nýtt lánþegaskírteini og þau hvött til að nýta sér þjónustu safnsins eftir að skólagöngu í Dalvíkurbyggð lýkur.
- Skipulagðar vikulegar heimsóknir leikskólabarna frá Krílakoti eru nýttar vel og seinni hluta ársins verða einnig vikulegar heimsóknir frá Kátakoti.
- Sögustundir voru vikulega á tímabilinu jan – maí. Aðra hvora viku var lesið á íslensku en hina á pólsku. Jolanta Piotrowska og Kamila Piotrowska sáu um

pólsku stundirnar en Þuríður Sigurðardóttir, Klemens Gunnarsson, Dagbjört Ásgeirsdóttir, Elísa Ingvarsdóttir og Andrea Ragúels tóku að sér þær íslensku. Sama fyrirkomulag verður næsta árið.

- Hádegisfyrirlestrar á fimmtudögum voru frá febrúar – maí. Ingimar Jónsson sagði frá vetrarólympíuleikum og þátttöku Íslendinga. Í mars var fyrirlestur og kennsla á leitir.is, í apríl var ljósmyndasýning og rifjaðar upp sögur af Leikfélagi Dalvíkur sem var 70 ára á árinu.
- Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn var formlega opnuð í húsnæði bókasafnsins í maí og tóku starfsmenn safnsins að sér að sinna móttöku ferðamanna og upplýsingagjöf frá kl. 8 – 13 alla virka daga. Starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar sá um vaktir á safninu á laugardögum yfir sumarmánuðina. Þetta samstarf tókst með ágætum.
- Safnið hlaut styrk frá Þróunarsjóði innflytjenda að upphæð 250.000 kr. sem nýttur verður til stuðnings pólskunámi grunnskólanemenda. Jolanta starfsmaður bókasafnsins hefur umsjón með því starfi.
- Sumarlestur grunnskólabarna hófst í byrjun júní og stóð yfir allt sumarið. Alls tóku 10 börn þátt í sumarlesturinum.



Innra starf

Starfsfólk bókasafnsins er nú í 1,25 % starfshlutfalli alls 3 starfsmenn. Þar af er forstöðumaður í ½ starfi, Jolanta Piotrowska er í ½ starfi og auk þess að sinna útlánavöktum sér hún um viðhald safnkostsins, uppsetningu sýninga og samskipti við erlenda íbúa. Rósa Þorgilsdóttir er í 25% starfi og hefur umsjón með útlánum og þjónustu við einstaka lánþega s.s. bókin heim, þjónustu við skip og stofnanir, millisafnalán o.fl. Í afleysingum er Ingibjörg Hjartardóttir, en Krístrún Arnfinnsdóttir var sérstakur sumarafleysingastarfsmaður í 2 og ½ mánuði.

- Stefnt er að því að halda starfsmannafundi einu sinni í mánuði og farið yfir helstu verkefni og það sem betur má fara.
- Starfsmannaviðtöl fara fram á haustin og er þá reynt að koma til móts við óskir starfsmanna um vinnutíma, námskeið, ráðstefnur o.fl.

- Stefnt er að því að allir starfsmenn sækja ráðstefnu *Upplýsingar* á Akureyri dagana 2.- 3. október 2014.

Upplýsingaflæði

- Bókasafnið heldur úti heimasíðu þar sem helstu fréttir koma fram og þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að notendur geti nýtt sér.
- Á fésbókarsíðu safnsins eru settar þær upplýsingar og fréttir sem verða á vegi okkar í daglegu starfi.
- Tölvupóstur er algengasta samskiptaformið við notendur safnsins og má segja að yfir 80% virkra notenda hafi einnig virkt netfang þangað sem berast tilkynningar um væntanlegan skiladag, gögn í vanskilum, gögn sem hafa verið tekin frá fyrir viðkomandi og aðrar nauðsynlegar tilkynningar.



Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Mjög brýnt er að auka við stöðugildi safnsins ef það á að geta haldið áfram að sinna sínu mikilvæga menningarhlutverki innan samfélagsins. Hér með er lagt til að gert verði ráð fyrir að auka við 0,25% stöðu þegar á næsta ári og innan fjögurra ára verði 2 stöðugildi við safnið. Auknar kröfur um þjónustu, sýnileika og framboð á afþreyingu krefst mannafla. Aukin þjónusta við stofnanir sveitarfélagsins s.s. skóla og leikskóla krefst mikils undirbúnings sem engan veginn er hægt að sinna eins og staðan er núna.
- Til að gera upplýsingaþjónustu virkari er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að kaupa og tengja upplýsingaskjá þar sem gert er ráð fyrir slíkum í afgreiðslu safnsins, það mun bæði þjóna ferðamönnum og íbúum en gerir auk þess auknar kröfur til starfsfólks.



Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014*
Starfsmannafjöldi	2	2	2	2	3	3
Stöðugildi	1,35	1,35	1,35	1,35	2,0	1.25
Meðalstarfsaldur á starfsstað	5	6	7	3,5	<1	4
Heildarstærð húsnæðis fm	232fm	293fm	293fm	293fm	294fm	294fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	0	1	1	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2,5	7,5	0	2	2	2
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	100%	100%	100%	0%	100%
Frávik frá fjárhagsáætlun	+8,80%	+1,04	+10%	+6,6%	-3,8%	?
Fjöldi umsókna um styrki	0	1	1	1	1	2
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	1	1	0	1
Fjöldi útlána á bókasafni	14512	14951	15126	13881	15990	10814(ágúst)
Fjöldi virkra lánþega		339	398	440	544	584
Fjöldi heimsókna á safnið	*	9165	7260	-	-	-
Fjöldi opnunardaga á safni	246	253	160	240	289	288
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	*	636	20	46	96	60*
Fjöldi tengdra titla umfram grisjun	902	1089	1048	1101	1773	1500*
Fjöldi keyptrá titla				501	560	561*
Fjöldi skráðra bóka/muna	20300	22635	24213	25314	27076	28448*
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	14	22	7	16	15	15
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	1	1	1	2	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	4	4	4	5	5	6

* m.v. 1. sept. 2014

Héraðsskjalasafn

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Svarfdæla varðveitir hluta af menningu þeirra sem búa í byggðarlaginu. Þar er arfur fyrri kynslóða geymdur og fær þá meðferð sem við á.

Hlutverk

Hlutverk héraðsskjalasafna er m.a. að annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum innan síns umdæmis.

(Úr handbók Þjóðskjalasafns)

Meginverkefni safnsins er að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum úr Dalvíkurbyggð.

(Úr reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð)



Helstu verkefni 2015

- Áhersla verður lögð á að gera safnið sýnilegt í samfélaginu og að íbúar Dalvíkurbyggðar telji sig eiga erindi þangað til upplýsinga, fræðslu og afþreyingar.
- Áfram verður unnið í samstarfi við áhugafólk að greina gamlar ljósmyndir og mun undirbúningur fyrir þá vinnu taka mikinn tíma af starfsemi safnsins.
- Skráning í Photo-station mun verða helsta skráningarverkefnið og að skanna inn myndir í tengslum við það. Ljóst er að þörf er á faglegri ráðgjöf vegna þess og er nú leitað að tiltækum ráðgjafa til þess.
- Á sama hátt mun safnið standa að samverustundum þeirra sem hafa áhuga á að safna vísnum og að skrá þær í vísnaafnið Harald.
- Árið 2015 verður unnið verkefni til að minnast þess að 100 ár eru liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Ekki er enn afráðið á hvern hátt það verður gert.

- Í sýningaskáp verður sett upp sýning um Kvenfélagið Tilraun sem stofnað var 1915.
- Sýningaskápur á bókasafni verður notaður til smærri sýninga og til að vekja athygli á skjalasafninu.
- Stefnt er að því ef fjárveiting fæst að koma upp þéttiskápum í rými safnsins þannig að hægt verði að opna safnið frekar sem vinnuaðstöðu.
- Taka þarf ákvörðun um hvort þörf er á að aðskilja formlega myndrit þ.e. ljósmyndir, kvikmyndir, og önnur myndrit frá öðrum skjölum safnsins og stofna sérstakt myndasafn/ljósmyndasafn. Leita þarf ráðgjafar og kanna áhuga forráðamanna.



Yfirlit yfir 2014

- Helstu verkefni ársins voru endurröðun á skjalaöskjum safnsins þannig að nú er auðveldara að leita eftir skráum safnsins. Talvert var grisjað úr öskjum þ.á.m. fylgiskjöl sem ekki þarf að varðveita og prentað efni sem sumt var skráð á bókasafn en annað sett í bókageymslur óskráð. Þetta eru sérstaklega gamlar námsbækur.
- Gamlar filmur voru sendar á Kvikmyndasafn Íslands og endurunnar þar. Filmurnar eru þar varðveittar en afrit á diskum er á skjalasafninu.
- Safnið tók í fyrsta sinn á móti efni frá skrifstofum sveitarfélagsins sem er skráð rafrænt í skjalakerfið Go-pro. Skjalavörður fékk aðgang að kerfinu og örnámskeið í leitartækni.
- Vikulega hittist áhugahópur um gamlar ljósmyndir og frá áramótum var unnið með ljósmyndir frá leiksýningum Leikfélags Dalvíkur sem á 70 ára afmæli á árinu. Hópurinn hittist á miðvikudögum kl. 10 – 12 og í apríl voru sýndar á skjá rúmlega 300 ljósmyndir með upplýsingum um leikrit, sýningarár, nafn leikara og fæðingarár. Þessi sýning var síðan opin almenningi í Bergi viku í apríl og síðan á skjalasafninu á opnunartíma safnsins frá júní – ágúst.
- Rósa Þorgilsdóttir hefur unnið að því í 25% starfi að skrá ljósmyndir sem áhugahópurinn hefur unnið með. Skráð er í skráningarkerfið Photo-station og eru nú varðveittar um 600 ljósmyndir þannig fullskráðar og tilbúnar að varpa á netið þegar ráðist verður í að kaupa þann hluta forritsins.

- 2. júní var Dalvíkurskjálftans 1934 minnst með ljósmyndasýningu sem varpað var á vegg og minningarstundar í samvinnu við Byggðasafnið Hvol. Afhjúpað var á safninu skýringarkort við líkan af Dalvík sem smíðað var 1994. Höfundur kortsins er Kristján Hjartarson Af þessu tilefni komu saman eftir 20 ár þeir sem unnu að líkaninu 1994.
- Vísnaafnið Haraldur er vefur sem unninn er af áhugafólki um söfnun og varðveislu vísna úr byggðarlaginu. Í safninu er nú að finna 50 lausavísur og 37 ljóð eftir 18 höfunda sem tengjast Dalvíkurbyggð. Um höfundana er að finna æviágrip sem áhugahópurinn skráir niður. Talsvert efni hefur safnast sem ekki hefur komist á netið vegna tímaskorts. Sérlega vantar fleiri í hópinn sem treysta sér í tölvuvinnslu.
- Í samstarfi við Þjóðskjalasafn var mikil vinna lögð í samskrá um einkaskjöl. Alls voru skráð 75 söfn einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana sem ekki teljast opinber og þess vegna ekki skilaskyld en eru varðveitt á skjalasafninu.
- Í júní – ágúst voru í boði á opnunartíma safnsins tvær ljósmyndasýningar sem varpað var á vegg. Það var ljósmyndasýningin Dalvíkurskjálftinn 1934 og Leikfélag Dalvíkur 70 ára. Gestir á sýningarnar tvær voru um 100 frá því í maí.
- Sýning á sveitarblöðum og úrklippum úr þeim var í sýningarskáp fyrir framan safnið frá febrúar.

Innra starf

- Tveir starfsmenn vinna á safninu, báðir í hlutastarfi. Laufey Eiríksdóttir er forstöðumaður í 50% starfi og Rósa Þorgílsdóttir í 25% starfi. Laufey sótti fund skjalavarða með Þjóðskjalaverði í fjarfundi þann 16. maí 2014 og mun sækja haustfund héraðsskjalavarða í Vestmannaeyjum 25. – 26. september 2014.
- Starfsmannafundir eru sameiginlegir með starfsfólki bókasafns.



Upplýsingaflæði

Heimasíða er sameiginleg með bókasafninu en það er áhugaverður kostur að skipta þar á milli vegna ólíkra áherslna ekki síst ef farið verður að birta ljósmyndir með leitarvél o.fl. Einstaka fréttir af skjalasafninu fá líka að birtast á fésbókarsíðu bókasafnsins.



Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Stærsta verkefni safnsins á næstu árin verður að koma upp læstum þéttiskápum. Það er forsenda þess að safnið geti með góðu móti verið í núverandi húsnæði með les- og vinnuaðstöðu. Leitað hefur verið tilboða og liggja þau hjá umsjónarmanni fasteigna.
- Innan þriggja ára þarf að huga að því að festa kaup á hugbúnaði vegna birtinga ljósmynda á vef og vefhönnun í samræmi við það.
- Auka þarf starfshlutfall safnsins í 1/1 starf til að mögulegt sé að lengja opnunartíma og gera það sýnilegra.
- Auka þarf við fjárveitingar til safnsins v/ kaupa á dýrum bókum og tímaritum sem nauðsynleg eru á áttugasafni.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014*
Starfsmannafjöldi	1	1	1	2	2	2
Stöðugildi	0,15	0,45	0,6	0,6	0,8	0,75
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4	5	1	2	2	1,5
Heildarstærð húsnæðis fm	22fm	150fm	150fm	150fm	150fm	150fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	1	1	0	0	1	2
Hlutfall starfsmanna sem för í starfsþróunarsamtal	0	100%	0	100%	100%	100%
Frávik frá fjárhagsáætlun	+21%	+4,3%	+10,9%	+8,8%	+27%	?
Fjöldi umsókna um styrki	1	1	1	1	1	2
Fjöldi fenginna styrkja	1	0	1	1	0	1
Fjöldi opnunardaga á safni		48	43	68	117	156
Fjöldi afhendinga á árinu	36	30	102	28	47	25*
Fjöldi beiðna um aðstoð/lán frá safni	10	75	50	50	58	35*
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	0	0	3	0	6	5*
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn og stofnanir	1	1	5	2	4	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins				2	3	4

* m.v. 1. sept. 2014

Víkurröst – frístundahús

Barna og unglíngastarf - félagsmiðstöð

Leiðarljós

Víkurröst frístundahús hefur það að leiðarljósi að standa fyrir faglegu starfi sem unnið er á vettvangi frítímans jafnframt því að veita samfellda þjónustu í góðri samvinnu við alla sem að henni koma. Lýðræði og jafnrétti eru ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu. Frístundahúsið á að vera staður þar sem börnum og unglíngum gefst tækifæri í að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmýnd og efla samfélagslega virkni. Skýr afstaða er tekin gegn allri neikvæðri hegðun svo sem fordómum og neyslu vímuefna.

Víkurröst hefur það að markmiði að vera staður þar sem íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri býðst að nýta sér aðstöðu með verkefnum sem hafa jákvæð áhrif og efla félagsauð.

Hlutverk Barna- og unglíngastarf.

Víkurröst er frístundahús á vegum Dalvíkurbyggðar. Aðalmarkhópur frístundahússins er fólk á aldrinum 6 – 20 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglíngum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti, samskiptafærni, gagnrýn og skapandi hugsun.

Lýðræði er hugmyndafræði sem endurspeglar margt í fagstarfinu og tryggir áhrif barna og ungmenna á starfið. Jafnframt er mikilvægt að börn og unglíngar læri með skipulögðum hætti að velja sér viðfangsefni. Með því styrkjum við lýðræðisvitund og að allar okkar ákvarðanir hafa áhrif. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.



Helstu verkefni 2015

- Forstöðumaður Víkurrastar mun fara á ráðstefnu erlendis og fræðast um fjölmenningu haust 2014.
- Barnamenningarhátíð verður haldin í september og unnin í samvinnu við íþróttta, - og æskulýðsfulltrúa og framkvæmdarstjóra Bergs.
- Viðburðir á vegum SamFés, t.a.m. Samfestingurinn, STÍLL, Landsmót, söngkeppni SamFés o.fl.
- Skipulagt verður klúbbstarf fyrir unga stráka á aldrinum 13-16 ára.
- Heimasiða félagsmiðstöðvar uppfærð og haldið betur utan um hana.
- Samstarfið við Grjótglímufélagið bætt með reglulegum fundum.
- Stækkun aldurshópsins sem stundar félagsmiðstöð og fleiri hópar virkjaðir til að kynna sér það starf sem er í boði. Lögð verður meiri áhersla á félagslega einangraða nemendur og unnið að sjálfstyrkingu þeirra.
- Fjölmennningarverkefni sem búið er að fá 100.000 kr. styrk fyrir úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Áætlað er að verkefnið fari í gang í lok september 2014.
- Fordómafræðsla fyrir ungmenni á aldrinum 13-20 ára.
- Klára vinnu við forvarnarstefnu Víkurrastar.
- Gera meira úr undankeppni fyrir söngkeppni SamFés í samvinnu við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar.
- Frekara vægi og virkni ungmennaráðs.



Yfirlit yfir 2014

- Nýtt ungmennaráð var myndað og hefur verið starfandi síðan í janúar 2014.
- Fræðsla um einelti, samskipti á vinnustað og fjölmenningu fór fram á árinu.
- Skipulagður stelpuklúbbur var stofnaður.
- Skipulagt hópstarf fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára var fest í sessi.

- Starfinu var breytt hjá 1.-7. bekk sem fólst í því að opnunum var fækkað en viðburðirnir voru stærri og meiri fyrir vikið.
- Kynning á Vikurröst var með markvissari hætti en áður en þarf þó að bæta.
- Samstarf vegna Barnamenningarhátíðar er komið í formlegan farveg og búið að skilgreina samstarfið.
- 17. júní var betrubættur og tókst mjög vel upp þetta árið.
- ÆskuRækt hefur gengið mjög vel á árinu og foreldrar/forráðamenn flestir farnir að venjast þessari nýjung.
- Samstarf var á milli Leikfélagsins, félagsmiðstöðvar og Dalvíkurskóla með því móti að leikhópurinn fékk að æfa leikrit í Vikurröst þegar tækifæri gafst fyrir báða aðila.
- Tekið var þátt í flestum viðburðum SamFés, t.a.m. Samfestingurinn, STÍLL, Landsmót, söngkeppni SamFés o.fl.
- Margir nýjir viðburðir litu dagsins ljós í vetur í félagsmiðstöðinni og greinlegt að ekki er skortur á hugmyndaflugi hjá unga fólkinu í Dalvíkurbyggð.
- Nemendaráð félagsmiðstöðvar stóð sig frábærlega í vetur og gerði árið ógleymanlegt. Margir nýjir viðburðir litu dagsins ljós og var vel staðið að þeim öllum af hálfu nemendaráðs.
- Árbók var gefin út fyrir unglíngastig Dalvíkurskóla og var bókin mjög vonduð og flott framtak nemendaráðs. Áætlað er að bókin komi út á 3ja ára fresti svo að allir fái bók á einhverjum tímapunkti á unglíngastigi.
- Zumba danstímar voru í gangi 2x-3x í viku yfir flesta vetrarmánuðina.
- Forstöðumaður fór á fræðslu í Dalvíkurskóla um fjölmenningu þar sem Guðrún Pétursdóttir hélt erindi.



Innra starf

- Starfsmannafundir eru haldnir reglulega þar sem farið yfir helstu verkefni hverju sinni.
- Hlutastarfmenn í Vikurröst fá sína þjálfun að mestu leyti í gegnum handleiðslu.
- Allt starfsfólk mun temja sér áherslur Uppbyggingarstefnunar á næstu árum.

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð er vinnuhópur sem Vikurröst fagnar og ætlar að fylgja eftir á næstu árum.
- Forstöðumaður Vikurrastar stefnir á að fá reynslu úr öðrum félagsmiðstöðum, ungmennahúsum og/eða fristundamiðstöðvum (job shadowing). Með því móti getur forstöðumaður nýtt jákvæða reynslu og hugmyndir á sínum vinnustað.



Upplýsingaflæði

- Til unglinga og ungmenna er upplýsingaflæði aðallega með rafrænum hætti og þá að mestu leyti í gegnum Facebook eða smáskilaboð. Einnig kemur forstöðumaður reglulega í grunnskólann og talar við nemendur og kennara um dagskrá mánaðarins og hvað er framundan.
- Upplýsingaflæði til foreldra fer að mestu leyti í gegnum Mentor eða síma. Til stendur að gera betur í upplýsingaflæði til foreldra nemenda af erlendum uppruna.
- Haldið verður áfram með þá vinnu að koma upplýsingum til foreldra um hvað börn og unglingar standa sig vel sem og að koma með jákvæðar fréttir af starfinu í félagsmiðstöðinni.
- Upplýsingaflæði milli starfsmanna fer fram með tölvupóstum, fundum og símtölum.
- Samstarfið milli Dalvíkurskóla og félagsmiðstöðvar var með mjög góðu móti, t.d með reglulegum fundum með námsráðgjafa og öðrum skólastjórnendum. Hinsvegar má félagsmiðstöðin vera duglegri í samstarfi við Árskógarskóla þó svo að það sé vissulega til staðar.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Útisvæði Vikurrastar verði tekið út með það að markmiði að fjölga fristundamöguleikum, s.s brettaaðstöðu, útitrampólíni og fleiru

Lykiltölur

	2010	2011	2012	2013	2014*
Starfsmannafjöldi		2	2	3	2
Stöðugildi	1,2	1,3	1,3	1,5	1,4
Meðalstarfsaldur			1	2	3
Fjöldi tölva 5 ára			1	2	2
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks			0	7	0
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþr.samtal			50%	50%	50%
Hlutfall af fjárhagsáætlun			82,00%		68%
Fjöldi umsókna um styrki	4		0	1	3
Fjöldi fenginna styrkja	1		0		1
Fjöldi barna í sumarstarfi			40	30	50
Heimsóknir barna 6 - 9 ára				400	450
Heimsóknir barna 10 - 12 ára				550	550
Heimsóknir unglunga 13 - 16 ára				2350	2650

*m.v. 1. sept 2014

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Íþróttamiðstöð Dalvíkur á að vera leiðandi að veita öryggi og góða þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Íþróttamiðstöðin er staður þar sem hægt er að efla félagsauð í fjölbreyttri flóru fólks sem kemur saman til að stunda áhugamál sín. Mikilvægt er að gestir Íþróttamiðstöðvar á öllum aldri finni jákvætt viðmót og að þeir séu velkomnir hvort sem það er til að taka sundsprett, lyfta lóðum, sparka bolta, vafra um á vefnum eða eiga spjall yfir kaffibolla.

Hlutverk

Íþróttamiðstöðin á að vera staður þar sem einstaklingar á öllum aldri geta fundið sér eitthvað við hæfi. Markhópur þjónustunnar eru börn og ungmenni á skólaaldri, íþróttafélög með æfingar, fullorðnir íþróttaiðkendur, heldri og eldri borgarar.

Leitast er við að veita fjölbreytta þjónustu sem tekur mið af þeirri aðstöðu sem Íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða með tækjasal, þreksal, íþróttasal, sundlaug og kaffiástöðu.

Hlutverk Íþróttamiðstöðvar er að veita öryggi. Íþróttamiðstöðin skal ávallt að vera snyrtileg og þjónusta til fyrirmyndar.



Helstu verkefni 2015

- Endurbætur á sundlaugaraðstöðu og hreinsibúnaði/tæknirými. Samhliða því fær starfsfólk kennslu á nýjum búnaði. Gera má ráð fyrir að loka þurfi sundlaug í allt að 8 vikur þegar framkvæmdir fara fram og þarf því samhliða þessum endurbótum að gera áætlun um það með hvaða hætti verður hægt að þjónusta gesti sundlaugar og hvort möguleiki sé á samstarfi við aðrar sundlaugar fyrir korthafa íþróttamiðstöðvar.

- Meta þarf hvernig gengur með auglýsta opna líkamsræktartíma og hvort þörf sé á breytingum.
- Gera þarf breytingar á sorpmálum og stefnt er að því að allt sorp verði flokkað frá og með byrjun árs 2015.
- Setja upp upplýsingaskjái fyrir gesti íþróttamiðstöðvar.
- Kanna þarf hvort möguleikar kassakerfisins séu full nýttir og kanna hvaða upplýsingar er hægt að taka út og nýta til árlegar skýrslugerðar.
- Setja þarf reglur um starfsemi einkaþjálfara í líkamsrækt. Á að setja gólfgjald/aðstöðugjald, er nauðsynlegt að einkaþjálfarar eigi líkamsræktarkort, eða nægir að sá sem er að þjálfa eigi það?
- Stefnt er að því að starfsfólk sækji námskeið í Uppbyggingarstefnunni í ágúst 2015 og unnið markvisst að því að starfsfólkið tileinki sér stefnuna.
- Stefnt er að því að starfsfólk sækji námskeið í Olweusaráætluninni á árinu 2015.
- Stefnt er að því að starfsfólk sækji námskeið eða fái sérstakar upplýsingar vegna þjónustu við ferðamenn, þar sem ferðamenn spyrja gjarnan starfsfólk íþróttamiðstöðvar um ýmis atriði.
Svigrúm getur skapast til námskeiðshalds þegar framkvæmdir fara fram í sundlauginni.
- Viðhaldsmálum þarf að koma í betri farveg. Íþróttamiðstöðin er mjög stórt mannvirki og er nauðsynlegt að einhver sinni minniháttar viðhaldi í húsinu. Eins og staðan er í dag, þá er enginn sem sér um viðhaldsmál í húsinu og er alla jafna kallaðir til iðnaðarmenn í viðhaldsverkefni.
- Vinna þarf eftir endurnýjunaráætlun á líkamsræktartækjum.
- Gera þarf endurnýjunaráætlun fyrir búnað í íþróttasal.



Yfirlit yfir 2014

- Byrjað var að hanna sundlaugarsvæði í heild. Gert er ráð fyrir að heitir pottar verði endurnýjaðir og áfram verði tveir heitir pottar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að það verði barna/vaðlaugar svæði þar sem hægt verði að kenna yngstu börnum sundtökin sem og að almenningur geti notað það til leiks og afslöppunar. Rennibrautin verður endurnýjuð og færð, þannig að hún muni

ekki lenda ofaní sundlaugarkerinu sjálfu. Einnig er stefnt að því að það verði nuddlaug/foss.

- Vinna við áhættumat hófst og klárast að hausti.
- Handbók/verkbók endanlega kláruð og þannig uppsett að hún taki á öllum verkum íþróttamiðstöðvar yfir árið.
- Auka starfsmaður var í 50% starfi á vegum félagsmálaþjónustu og sinnti hann ýmsum verkum ásamt vinnu á tjaldsvæðinu.
- Haldið var áfram með heilsuræktartíma, bæði lokaða og opna.
- Starfsmannafundir voru haldnir reglulega og starfsþróunarsamtöl flest tekin að vori, önnur voru kláruð að hausti.
- Unnin var endurnýjunaráætlun fyrir líkamsræktartæki.
- Tilraunaverkefni í samstarfi við foreldra á leikskólanum um íþróttatíma um helgar fór fram seint í vetur og haust. Vel tókst til en til að verkefnið geti haldið áfram þarf einhver að taka að ábyrgð á verkefninu og halda því á lofti.



Innra starf

- Reglulegir starfsmannafundir, ekki færri en 7 á ári gegna mikilvægu hlutverki í að meta stöðuna hverju sinni og eru nauðsynlegur þáttur í starfsþróun.
- Starfsfólk fær þá grunnfræðslu sem ætlast er til samkvæmt lögum, s.s. skyndihjálpi. Einnig er mikilvægt að starfsfólk fái kennslu á öllum nýjum tækjabúnaði sem kann að koma í kjölfar endurbóta á sundlaugarsvæðinu. Einnig er mjög mikilvægt að gott samstarf náist um fræðslu með grunnskóla, s.s. á eineltisáætlun og uppbyggingarstefnu.
- Mikilvægt er að íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hafi hluta af sinni viðveru í íþróttamiðstöðinni til að fá betri yfirsýn yfir starfseminna.

Upplýsingaflæði

- Notendur íþróttamiðstöðvar fá sínar upplýsingar með ýmsum hætti, t.d. í gegnum Facebook, á heimasíðu sveitarfélagsins, með auglýsingum í íþróttamiðstöð, dreifibréfum og almennum auglýsingum. Svo má ekki gleyma beinum samskiptum milli starfsfólks og viðskiptavina.
- Starfsfólk fær upplýsingar frá yfirmanni í gegnum tölvupóst, með beinum samskiptum/viðveru og á starfsmannafundum. Starfsfólk notar vaktaskipti til að koma skilaboðum á milli hvers annars. Til að auka upplýsingagjöf til gesta þarf að setja upp upplýsingaskjái.



Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Fyrir liggur að fara þarf í endurbætur á sundlaugarsvæði. Hugsanlega verður hægt að skipta því verki upp í áfanga og vinna á næstu árum. Hönnunarferli er hafið en á þessu stigi er ekki ljóst hversu stór framkvæmdin þarf að vera á hverju ári. Mjög mikilvægt er að allir notendur fái að koma sínu sjónarmiðum að við þessa vinnu með reglulegum samráðsfundum. Þar sem enn er ekki vitað hver röskun á svæðinu verður er gert ráð fyrir fullri starfsemi 12 mánuði árið 2015. Gera má ráð fyrir að innkoma muni hugsanlega minnka en að sama skapi að kostnaður getir lækkað þar sem ekki verður notað heitt vatn á meðan framkvæmdir eru. Einnig er möguleiki á að sumarafleysing geti minnkað ef hægt verður að senda starfsfólk í frí á meðan framkvæmdir standa, en það fer eftir því hvenær árs framkvæmdin verður.
- Vinna þarf samkvæmt endurnýjunaráætlun sem unnin verður samhliða fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 á tækjum og búnaði, s.s. líkamsræktartækjum.

Lykiltölur

	2012	2013	2014*
Starfsmannafjöldi	6	6	6
Stöðugildi	5	5,6	5,6
Meðalstarfsaldur	7	8	9
Fjöldi tölva 5 ára og yngri	1	1	1
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks	44	16	7,5
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþr.samtal	100%	100%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	98%	98%	
Fjöldi gesta í Íþróttamiðstöðinni	51300	34000**	26500
Fjöldi eininga á tjaldsvæði		297**	816
Fjöldi eininga á tjaldsvæði á Fiskidag		300**	334

* m.v. 28. ágúst 2014

Tjaldstæði Dalvíkur

Hlutverk

Tjaldsvæði Dalvíkur skal vera til fyrirmyndar, bjóða upp á góða aðstöðu og þjónustu við ferðamenn og gesti sem hyggjast sækja Dalvíkurbyggð heim.



Helstu verkefni 2015

- Klára þarf að skipuleggja herbergi þar sem þvottavél og þurrkari eru geymd. Gera þarf geymslu þar inni fyrir búnað sem fylgir tjaldsvæði. Hugsanlega þarf að setja tímarofa með gjaldmæli á þvottavél eða finna aðra hentuga lausn á útleigu á þvottavélinni.
- Gera þarf heildaráætlun um það hversu mikið rafmagn verður sett upp á svæðinu bæði hvað varðar fasta staura og auka tengi sem hægt verður að bæta við í tengslum við Fiskidaginn.
- Taka þarf ákvörðum um það hvort bjóða skal starfsemina út til þriðja aðila.
- Kanna þarf hvort það sé ekki skynsamlegt að starfsfólk tjaldsvæðis fái kennslu/fræðslu á svipaðan hátt og starfsfólk upplýsingamiðstöðvar. Starfsfólk tjaldsvæðis fær mikið af spurningum frá tjaldsvæðagestum.

Yfirlit yfir 2014

Klárað var að koma nýrri þjónustubyggingu í gott horf. Þar inni eru nú salerni og sturtur fyrir karla og konur. Salerni og sturta fyrir fatlaða/hreyfihamlaða. Elduhús/salur. Þvottavél og þurrkari ásamt aðstöðu til að þerra skó.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Helstu verkefni næstu á næstu árum er að bæta rafmagnsmál á svæðinu og klára frágang á þaki þjónustubyggingar þannig að hún líti betur út.



Árskógur-félagsheimili

Hlutverk

Árskógur þjónustar Árskógarskóla yfir vetrartímamann með útleigu á eldhúsaðstöðu, matsal, íþróttasal og sundlaug. Útleiga á félagsheimili er hluti af rekstrinum allt árið en þar fara fram ýmsir fundir, markaðir, ættarmót, brúðkaup o.fl.

Helstu verkefni 2015

- Kanna með reglur um tryggingu fyrir leigu, t.d. vegna viðburða sem eru afboðaðir með stuttum fyrirvara og ekki gefst tækifæri á að auglýsa laust.
- Skoðað verður að bjóða út rekstur á félagsheimili í Árskógi, tjaldsvæðis og sundlaugar yfir sumartímamann.
- Gera þarf heildar úttekt á sundlauginni, svæðinu í kringum hana og búnaði. Mikil þörf er á viðhaldi og endurnýjun.
- Vinna eftir endurnýjunaáætlun sem unnin verður samhliða fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2015.
- Skoða útboð á rekstri yfir sumartímamann.

Yfirlit yfir 2014

- Gólf í sal var þússað upp og lakkað. Línur fyrir íþróttæfingar voru málaðar í gólfið.
- Útleiga er mjög nærri þeim áætlunum sem voru gerðar við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2014. Mörg ættarmót voru bókuð í sumar sem voru svo afbókuð með stuttum fyrirvara.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Helsta verkefni næstu ára er að fara í sundlaugarsvæðið og endurnýja borð og stóla. Einnig þarf að huga að málningu innandyra og endurnýjun á gardýnum í íþróttasalnum.

Vinnuskóli

Hlutverk

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Vinnuskólinn starfar við almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðalagsins og mun vinnuskólinn vera í góðu samstarfi við fyrirtæki í byggðalaginu og stofnanir sveitarfélagsins þegar kemur að verkefnavali.

Vinnuskólinn sinnir vinnuuppeldi. Til þess að geta sinnt þessu verkefni sem best þarf að gera miklar kröfur til hæfni leiðbeinenda / flokkstjóra og þjálfun þeirra. Mikilvægt er að þeir þekki unglingana vel og hafi reynslu af vinnu með unglingum. Mikil tengsl eru við foreldra og forráðamenn unglinganna. Vinnuskólinn getur verið góð fyrirmynd og miðlað þekkingu fyrir aðrar stofnanir sveitarfélagsins.

Helstu verkefni 2015

- Halda áfram að móta samstarf við stofnanir og félög í Dalvíkurbyggð sem taka að sér nemendur vinnuskóla. Hlutverk þeirra verði skýrt nánar og gerður verði samningur við alla þá sem taka að sér kennslu nemenda vinnu-skólans.
- Halda þarf áfram að skrá niður hvað þeir tímar sem nemendur og flokksstjórar vinnuskóla vinna til að átta sig á því hvar kostnaður vinnuskóla liggur og ef í framtíðinni verður ákveðið að millifæra kostnað vinnuskóla á aðrar stofnanir.
- Umsóknarferli nemenda verði skýrt nánar og tímarammi til umsókna verði aukinn.
- Stefnt verði að því að Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar verði heilsueflandi Vinnuskóli.
- Stefnt verði að því að Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar fái viðurkenningu *Grænfánans*.
- Gerð verður samningur sem inniheldur lýsingu á hvað felst í að taka að sér nema og hvaða kröfur og reglur viðkomandi félag þarf að uppfylla.
- Fræðslumálum verður komið í enn betri farveg.
- Forstöðumaður og flokkstjórar munu halda utan um viss verkefni er snúa að hátíðarhöldum á 17. júní.
- Tveir af bílum vinnuskólans eru ónýtir og er mikilvægt að vinnuskólinn fái til afnota 2 bíla þeirra í stað. Mikilvægt er að annar þeirra verði 9 manna bíll.
- Skoða með hvaða hætti vinnuskólinn getið komið að skapandi sumarstörfum fyrir ungt fólk og þá í framhaldinu að móta reglur um slíkt.





Yfirlit yfir 2014

- Vinnuskóli var færður yfir á fræðslu- og menningarsvið í byrjun árs. Flutningurinn gekk vel, þrátt fyrir að fyrirvari hafi verið stuttur. Helstu verkefni voru að venju umhverfisverkefni, s.s. hreinsun, málun og önnur fegrun í Dalvíkurbyggð. Lögð er mikil áhersla á að vinnuskólinn sé lærdómsferli fyrir nemendur og þeir fái tækifæri á að læra rétt handtök, vinnusiðferði og almennt það sem tengist því að vera á vinnumarkaði.
- Allir flokksstjórar voru sendir á námskeið í gegnum SÍMEY fyrstu fjóra daga sumarsins.
- Samstarf var við leikskóla, UMFS, hestamannafélagið, Hvalaskoðun og Golfklúbbinn. Þessir aðilar tóku að sér nemendur og með því móti gafst tækifæri fyrir þau að kynnst fjölbreytileika vinnumarkaðarins. Gekk það samstarf mjög vel.
- Nemendur fengu fræðslu um gerð ferilskrár, einelti og samskipti á vinnustað.
- Flokksstjórar vinnuskólans sáu um framkvæmd 17. júní hátíðarhöldum í stað björgunarsveitar.

Innra starf

Fræðsla fyrir flokksstjóra er lykilþáttur í því að efla flokksstjóra sem leiðbeinendur. Flokksstjórar miðla svo áfram þeirri þekkingu sem þeir hafa og afla sér til nemena. Allir flokksstjórar fara á námskeið sem haldið er í samstarfi við SÍMEY og er það sérstaklega hannað fyrir þarfir flokksstjóra vinnuskóla. Þar var farið yfir skyndihjálp, líkamsbeitingu, ýmsa fyrirlestra varðandi líðan barna og hvernig unnið sé með börnum og unglingum, ásamt því að fá kennslu í faglegum vinnubrögðum við umhirðu og slátt.



Upplýsingaflæði

- Áður en starfið hefst eru allir nemendur boðaðir í viðtal þar sem forráðamanni er gefinn kostur á að vera með.
- Flokksstjórar halda samráðsfundi í byrjun dags og lok dags.
- Búinn var til Facebook hópar, einn fyrir flokksstjóra og einn fyrir nemendur. Ef koma þarf upplýsingum á framfæri er það gert á vinnutíma eða með Facebook.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Helsta verkefni næstu ára fyrir utan starfsþróun og frekari formgeringu er að endurnýja þann búnað sem vinnuskólinn vinnur með og sjá til þess að hann verði endurnýjaður reglulega. Í því sambandi er stefnt að gerð endurnýjunaráætlunar á búnaði vinnuskóla.

Lykiltölur

	2014
Fjöldi nemenda 10. bekkjar	9 (25%)
Fjöldi nemenda 9. bekkjar	27 (71%)
Fjöldi nemenda 8. bekkjar	24 (82%)
Fjöldi tölva 5 ára og yngri	1
Meðalfjöldi veikinda daga starfsfólks	
Laun á klst 10. bekkur	619
Laun á klst 9. bekkur	516
Laun á klst 8. bekkur	447
Samtals vinnustundir 10. bekkur	325
Samtals vinnustundir 9. bekkur	135
Samtals vinnustundir 8. bekkur	90

Gildi fræðslu- og menningarsviðs

Á árinu 2013 voru gildi fræðslu- menningar, íþróttu og æskulýðssviðs unnin eins og fram kemur í inngangi sviðsstjóra en þau eru eftirtalin:

Virðing

- Við beitum virkri hlustun og sýnum skoðunum annarra skilning.
- Við berum virðingu fyrir störfum okkar og annarra.
- Við tökum tillit til mismunandi menningar og þarfa einstaklinga.
- Við göngum vel um umhverfið.
- Við erum fagleg og höldum trúnað.
- Við virðum ábyrgðarsvið fólks og þær ákvarðanir sem teknar eru.
- Við erum víðsýn og vörumst fordóma.
- Við förum vel með fjármagn og eigur sveitarfélagsins.

Jákvæðni

- Við höfum gleði að leiðarljósi.
- Við erum opin fyrir nýjum verkefnum og breytingum til bóta.
- Við hugsum lausnamiðað.
- Við stuðlum að starfsánægju okkar og annarra.
- Við erum hreinskiptin og beinum gagnrýni á rétta staði.
- Við hrósum fyrir það sem vel er gert.

Metnaður

- Við höfum trú á þeim einstaklingum sem við vinnum með.
- Við setjum okkur skýr, tímasett markmið og stefnur.
- Við sýnum frumkvæði og þjónustulund.
- Við rýnum til gagns.
- Við höfum metnað fyrir sveitarfélagið.
- Við tökum afstöðu og forðumst meðvirkni.

Ábyrgðarmenn: Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og stjórnendur hverju sinni

Ritstjóri: Helga Björt Möller

Myndir: Ýmsir aðilar innan stofnananna

Afgreitt í sveitarstjórn í 25. nóvember 2014